# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 2. FEBRÚAR 2018




Ljósainnsetningin Örævi eftir Valdimar Jóhannsson, Ernu Ómarsdóttur, Pierre Alain Giraud og Íslenska dansflokkinn var opnunaratriðið á Vetrarhátíð sem var sett í gær. Verkinu var varpað á olíutanka úti á Granda. Tónlist við verkið er eftir hljómsveitina Sigur Rós. Hátíðin samanstendur af Safnanótt, Sundlauganótt, Snjófögnuði og ljósalist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vill sjá fleiri gögn í málinu

**DÓMSMÁL** Réttargæslumaður kæranda í kynferðisbrotamáli furðar sig á því að hún og skjólstæðingur hennar fái aðeins aðgang að eigin gögnum áður en ákært er í máli.

„Við fáum sumsé aðeins aðgang að þeim gögnum sem við höfum nú þegar lagt fram sjálf. Mér þykir þetta undarlegt,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, réttargæslumaður konunnar. Sigrún segist þó skilja synjunina þegar svo ber undir að rannsókn standi enn yfir og það geti spillt rannsóknarhagsmunum.

– jóe / sjá síðu 6



Sigrún Jóhannsdóttir

# Gætu sleppt kosningu

**Til skoðunar er hvort hægt sé að taka ákvörðun um úrsögn VR úr ASÍ án undangenginnar atkvæðagreiðslu. Ragnar Ingólfsson, formaður VR, segir að málið færi þá fyrir félagsdóm. Fari atkvæðagreiðsla fram verði það fyrir árslok.**

**VERKALÝÐSMÁL** Stjórn VR skoðar hvort rétt sé að láta reyna á að félagið gangi úr Alþýðusambandi Íslands án þess að bera það undir félagsmenn VR í allsherjaratkvæðagreiðslu. Þetta segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í samtali við Fréttablaðið. Hann býst við því að látið yrði reyna á málið fyrir félagsdómi.

Ragnar segir að VR sé aðili að ASÍ í gegnum aðild að Landssambandi verslunarmanna. „Það eina sem við þurfum að gera er að segja okkur úr Landssambandinu og þá segjum við okkur sjálfkrafa úr ASÍ. Stjórnin getur ákveðið þá úrsögn.“ Hann segir þó að lög ASÍ geri ráð fyrir að aðildarfélög þurfi að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu til að segja sig úr sambandinu. „Þarna er ágreiningsmál og við erum að hugsa um að láta reyna á það fyrir félagsdómi,“ segir Ragnar. Málið verði skoðað á trúnaðarráðsfundi sem verði líklega í mars eða apríl.

Ragnar segir að VR greiði Landssambandi verslunarmanna og ASÍ um 150 milljónir á ári. „Ég sé enga ástæðu til að vera að borga nánast helminginn af rekstrarfé Alþýðusambandsins og halda því uppi þegar mér finnst það vera að vinna á móti hagsmunum launafólks. Þá spyrjum við okkur hvað getum við fengið fyrir þessar 150 milljónir. Getum við ráðið inn auka lögfræðinga og farið í meiri neytendavernd og eflt okkar þjónustu og okkar sjóði?“

Ragnar segir þó þessa leið, að fara með málið fyrir félagsdóm, einungis vera til skoðunar. „Ég er sannfærður um það að ef við förum í atkvæðagreiðslu, þá vinnum við þá atkvæðagreiðslu,“ segir Ragnar. Ef málið færi í allsherjaratkvæðagreiðslu yrði hún haldin á þessu ári.

Ítarlegar verður fjallað um málefni verkalýðsfélaganna í helgarblaði Fréttablaðsins á morgun. – jhh


## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Magnús Ragnarsson fjallar um samkeppnina við RÚV. 16

**SPORT** Jón Daði Böðvarsson nýtur lífsins hjá Reading. 18

**MENNING** Korriró og dillidó opnuð á Safnanótt í Listasafni Íslands. 26

**LÍFIÐ** Plogging er nýtt líkamsræktaræði sem snýst um að hlaupa og tína upp rusl í leiðinni. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Meistaramánuður Íslandsbanka

Sparaðu eins og meistari

islandsbanki.is/meistari

## Veður




Sunnan stormur eða rok á norðvestanverðu landinu og hvasst austan til fram eftir degi. Minnkandi suðaustanátt um landið vestanvert en líkur á samfelldri slyddu eða snjókomu og rigningu suðaustanlands fram undir kvöld. SJÁ SÍÐU 22




**Fækkun menntaskólanema var rædd í ráðhúsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Nemum fækkar í Borgarfirði

**SKÓLAMÁL** Nemendur í Menntaskóla Borgarfjarðar hafa aldrei verið færri en í vetur. Þeir eru nú 112.

„Næsta skólaár gæti nemendafjöldi farið undir 100 þar sem næsti útskriftarárgangur er fámennur,“ segir í fundargerð fræðsluráðs Borgarbyggðar þar sem ræddar voru aðgerðir gegn brotthvarfi nemenda í framhaldsskólum.

Á hverju skólaári reynir námsráðgjafi í MB að finna þá nemendur sem eru í hættu á brotthvarfi. Það eru sögð vera um 6 prósent í MB sem sé töluvert minna en á landsvísu.

„Allir kennarar eru vel meðvitaðir um stöðu og líðan nemenda og er gripið til aðgerða ef með þarf. Andleg líðan nemenda virðist fremur orsök brotthvarfs en námserfiðleikar.“ **– gar**

## Þarf að greiða tæpan milljarð

**DÓMSMÁL** Aurláki, félag í eigu Karls Wernerssonar, ber að greiða þrotabúi Milestone tæpan milljarða króna. Hæstiréttur Íslands hefur staðfest dóm þess efnis. Milestone var á sínum tíma í eigu Karls og bróður hans, Steingríms.

Lyf og heilsa var selt út úr Milestone árið 2008 til Aurláka. Milestone varð gjaldþrota ári síðar en þrotabúið taldi að ekki hefði fengist full greiðsla fyrir Lyf og heilsu og stefndi því Aurláka. Upphæðin nam 970 milljónum króna. **– jhh**

## Bið vegna bilana í greiðslukerfi



**Það skapaðist nokkur bið við afgreiðslukassa í verslunum í gær þegar bilun varð í greiðslukerfum Reiknistofu bankanna sem olli truflunum því að ekki var hægt að nota debetkort. Viðskiptavinir voru eðli málsins samkvæmt misjafnlega hressir yfir stöðu mála.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Greiðir til baka 800 þúsund

**STJÓRNSÝSLA** Konu hefur verið gert að endurgreiða Vinnumálastofnun rúmar 800 þúsund krónur vegna ofgreiddra atvinnuleysisbóta þrátt fyrir að þjónustufulltrúar stofnunarinnar hafi sagt hana innan marka. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefndar velferðarmála.

Konan þáði atvinnuleysisbætur á árstímabili á árunum 2015-16. Hún hafði einnig tekjur fyrir tilfallandi vinnu og var í sambandi við stofnunina vegna þessa. Meðal gagna málsins var tölvupóstur frá stofnuninni um að hún skuldaði stofnuninni ekki. Þrátt fyrir það hafi hún fengið innheimtubréf þar sem þær upplýsingar reyndust rangar.

Kærunefndin taldi að sú málsmeðferð Vinnumálastofnunar hefði ekki verið í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Það breytti því hins vegar ekki að konan hefði fengið ofgreiddar bætur sem henni bæri að endurgreiða. **– jóe**

# Telja efnafólki hyglað á kostnað gamalmenna

Gunnar H. Jónsson og Þórður M. Adólfsson, sem búa í húsum eldri borgara í Hleinahverfi, saka Garðabæ um að fórna hagsmunum íbúa hverfisins með því að loka leið inn á gamla Álftanesveginn til að þóknast efnafólki í Prýðahverfi.

**SKIPULAGSMÁL** „Það lítur út fyrir að bæjastjórnin ætli að fórna hagsmunum okkar gamalmennanna til að þóknast efnafólkinu í þessu nýja prýðishverfi,“ segir Gunnar H. Jónsson, íbúi í Naustahlein í Garðabæ.

Í Hleinum eru tvær götur með raðhúsum fyrir sextíu ára og eldri. Hefðbundin leið þangað er um gamla Álftanesveginn fram hjá Prýðahverfi. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu ætla bæjaryfirvöld í Garðabæ að loka umferð um gamla Álftanesveginn inn á Herjólfsbraut þar sem hún liggur í suður inn í Hafnarfjörð og í átt að Vöngunum í Hafnarfirði þar ofan við og svo að Hleinum í Garðabæ þar vestan við. Suður af Hleinum er Hrafnista, sem er Hafnarfjarðarmegin.

Fréttablaðið hefur sagt frá kæru hjóna í Heiðvangi til úrskurðarnefndar auðlinda- og umhverfismála vegna ákvörðunarinnar um vegalokunina. Í desember 2015 sendu íbúarnir í Hleinum í Garðabæ mótmælaskjal 78 íbúa, sem er 98 prósent þeirra sem búa þar. Mótmælin höfðu ekki áhrif.

Gunnar, ásamt Þórði M. Adólfssyni sem býr í Boðahlein, hefur verið fremstur í flokki að mótmæla lokuninni inn á Herjólfsbraut. Í svari Guðjóns E. Friðrikssonar bæjarritara til þeirra er útskýrt að ákveðið hafi verið áður en Prýðahverfi var byggt að loka gamla Álftanesveginum þannig að ekki yrði gegnumakstur um hverfið. Brýnt væri að þar yrði ekki þung umferð.

„Það hlýtur almennt að teljast mjög eðlilegt að beina ekki umferð um íbúðarhverfi sem á þangað ekki erindi,“ undirstrikar bæjarritarinn.



**Þórður M. Adólfsson og Gunnar H. Jónsson við gatnamót Herjólfsbrautar og gamla Álftanesvegar sem bæjaryfirvöld ætla að loka.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Fyrir menn sem eru með meira en milljón í mánaðarlaun skiptir kannski engu máli að aka einhverja Krísuvíkurleið að óþörfu.
>
> Gunnar H. Jónsson, Garðbæingur

„Þetta finnst mér skjóta skökku við þegar bæjarstjórinn sjálfur ráðleggur okkur að aka í gegn um Miðvanginn í Hafnarfirði og þaðan út á Reykjavíkurveg,“ segir Gunnar um þessi rök.

Bærinn hefur bent íbúum Hleina á að hægt verði að aka gamla Álftanesveginn til vesturs út á Álftanes, þar inn á nýja Álftanesveginn og þá til austurs að miðbæ Garðabæjar.

Gunnar og Þórður segja þetta ekki ásættanlega lausn. Fram og til baka þýði þetta meira en 5 kílómetra aukaakstur miðað við núverandi leið. Þess utan séu gatnamótin við nýja Álftanesveginn stórhættuleg. Þá tefji lokun við Herjólfsbraut neyðarflutninga, meðal annars frá Hrafnistu.

„Fyrir menn sem eru með meira en milljón í mánaðarlaun skiptir kannski engu máli að aka einhverja Krísuvíkurleið að óþörfu en fyrir okkar hóp sem höfum kannski tvö hundruð þúsund krónur á mánuði munar um viðbótarkostnað sem því fylgir,“ segir Gunnar H. Jónsson.

Á opnum fundi Gunnars Einarssonar bæjarstjóra á miðvikudag þrýstu íbúar úr Prýðahverfi á bæjarstjórann að loka veginum strax en Gunnar minnti á að fyrrnefnd kæra er enn óútkljáð. Veginum yrði hins vegar lokað þegar niðurstaða þar er fengin. **gar@frettabladid.is**

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Hybrid – 50% rafdrifinn

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Gagnrýna fyrrverandi samráðherra

**ALÞINGI** Þingmenn Viðreisnar eru afar ósáttir við að dómsmálaráðherra hafi leynt upplýsingum fyrir þinginu í aðdraganda samþykktar þingsins á ráðningu 15 dómara við Landsrétt. Telja þingmennirnir að ráðherra hafi þar brugðist skyldu sinni.

Þrír þingmenn Viðreisnar ræddu embættisfærslur Sigríðar Andersen undir liðnum fundarstjórn forseta við upphaf þingfundar í gær. Jón Steindór Valdimarsson sagði það „forkastanleg vinnubrögð að upplýsa þingið á engu stigi máls um að verulegar efasemdir væru um vinnubrögð hennar og aðferðafræði innan Stjórnarráðsins í þessu stóra máli er varðaði skipan 15 dómara í nýjan dómstól“.



**Hanna Katrín Friðriksson**

Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, tók í sama streng. Gagnrýndi hún ráðherrann fyrir að upplýsa ekki þingið. „Ef þetta eru vinnubrögð sem við ætlum að láta viðgangast, hvert förum við héðan?“ spurði þingflokksformaðurinn.

Hanna Katrín segir það ámælisvert að ráðherrann skuli hafa viðhaft þessi vinnubrögð. „Ráðherra ber skylda til að upplýsa okkur þingheim svo við getum staðið undir okkar ábyrgð. Það er ekki hægt að vinna málið með þessum hætti og segja svo þingið bera ábyrgð á ráðningunni. Upplýsingaskylda ráðherrans er ótvíræð,“ segir Hanna Katrín. – **sa**

# Bregðast við fíknivanda með hömlum

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun hefur ákveðið að setja hömlur á ávísanir ávanabindandi lyfja frá og með 3. apríl næstkomandi. Ástæðan er aukinn fíknivandi hér á landi og verður því aðeins heimilt að afgreiða ákveðin lyf, svokallaða ópíóða, til þrjátíu daga í senn. Jafnframt er fyrirhugað að binda ávísun lyfja sem innihalda oxýkódon við ákveðna sérfræðihópa.

Þá tekur ný reglugerð heilbrigðisráðherra gildi í apríl en henni er einnig ætlað að sporna við misnotkun ávanabindandi lyfja, einkum örvandi lyfja á borð við amfetamín og metýlfenídat. Slíkum lyfjum verður aðeins ávísað rafrænt, ekki með pappírslyfseðlum. – **sks**

# Tilefni til að hreinsa frá niðurföllum

**VEÐUR** Tilefni er til þess að hreinsa frá niðurföllum vegna spár um mikla rigningu og hlýnandi veður á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Þetta sagði veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands við blaðamann í gærkvöldi.

Stormi var spáð um allt vestanvert landið í nótt. „Þetta verður sérstaklega slæmt norðvestanlands, frá Tröllaskaga og vestur, fram eftir morgni. Svo koma skilin þangað inn upp úr hádegi og þá dregur hratt úr vindi,“ sagði veðurfræðingurinn enn fremur.

**Veðrið er sérstaklega slæmt norðvestanlands.**

Rigningu er spáð á höfuðborgarsvæðinu í dag en um klukkan tíu fyrir hádegi á að draga úr vindi og kólna. „Þannig að þessi rigning breytist í slydduél og svo él seinni partinn. Það verður ekki logn og léttskýjað á morgun. Það verður áfram vindur svo maður finni fyrir en svo sem ekki neitt til að vara við.“

Svipaða sögu er að segja af laugardeginum og sagði veðurfræðingur að um vetrarveður væri að ræða. Á sunnudaginn væri svo næsta lægð, næsti stormur, á leiðinni. – **þea**



**Vetrarveðri er spáð um helgina, þó lítilli snjókomu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sorpflokkun ábótavant og verðmæti urðuð í Álfsnesi

Rannsókn Resource International á sorpböggum til urðunar í Álfsnesi sýndi að þar var allt of mikið var af pappír, pappa og plasti. Stjórn Sorpu segir fyrirtæki og stofnanir þurfa að gera betur í flokkun endurvinnsluefnis. Metár í sorpi í fyrra til marks um góðæri.



**Rannsókn á sorpböggum sem urðaðir eru í Álfsnesi sýndi að þar var of mikið af pappír og plasti.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**UMHVERFISMÁL** „Almennt er þarna allt of hátt hlutfall pappírs, pappa og plasts. Sérstaklega pappírs og pappa og stjórninni finnst of mikið fara í urðun sem ekki á heima þar,“ segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs. Á fundi sínum á föstudag var stjórn Sorpu kynnt niðurstaða úr rannsókn Resource International á innihaldi sorpbagga sem urðaðir eru í Álfsnesi. Niðurstöðurnar voru á þann veg að stjórninni þótti tilefni til að hvetja fyrirtæki og stofnanir sérstaklega til betri flokkunar á endurvinnsluefni eins og pappír og plasti.

Baggaður úrgangur sem fer í Álfsnes er að mestu upprunninn frá fyrirtækjum og stofnunum. Björn segir að rannsókn Resource International, sem hafi falist í að opna og greina innihald þessara bagga, hafi sýnt að þar var of hátt hlutfall endurvinnsluefna. Pappír og pappi sé verðmætt efni til endurvinnslu og of mikið af því sé sóað í urðun.

Þegar magntölur síðasta árs hjá Sorpu eru skoðaðar segir Björn að mikil aukning hafi orðið á því magni sem fyrirtækið hefur tekið við undanfarin þrjú ár. Árið 2017 hafi raunar verið metár í þessum efnum og aldrei meira sorp fallið til.

**Við ráðum svo sem við þetta enn þann dag í dag, en það mega ekki vera mörg ár þar sem allt eykst um 15 prósent.**



Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu

**Mikil aukning hefur orðið á magni þess efnis sem Sorpa hefur tekið við undanfarin þrjú ár.**

„Ef öll móttaka hjá okkur er skoðuð er um að ræða 13-15 prósenta aukningu í fyrra, ofan á sömu aukningu árið þar áður og tíu prósenta aukningu þar á undan. Þetta er veruleg aukning.“

Aðspurður segir Björn að þegar allur úrgangur sem Sorpa tekur við er talinn saman nemi hann um 230 þúsund tonnum í fyrra. Þar af er heimilisúrgangur 32 þúsund tonn.

„Magnið hefur verið að aukast og er mælikvarði á hvað er að gerast í samfélaginu. Svo má færa rök fyrir því að þetta sé eðlilegt. Eftir hrun hélt fólk að sér höndum og byggingariðnaðurinn nánast hvarf. Nú er hann kominn aftur og nú er tíminn kominn þar sem fólk skiptir um innréttingar, parket og annað sem það gerði ekki fyrst eftir hrun.“

En ráðum við við allt þetta sorpmagn?

„Við ráðum svo sem við þetta enn þann dag í dag, en það mega ekki vera mörg ár þar sem allt eykst um 15 prósent, þá springum við á limminu.“ **mikael@frettabladid.is**



# TAX FREE

**DAGANA 1.-5. FEBRÚAR**
**AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT***
**AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM**



*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga



Rttstjórar Stundarinnar mæta til aðalmeðferar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dómur í máli gegn Stundinni

**FJÖLMIÐLAR** Dómur verður kveðinn upp í staðfestingarmáli Glitnis Holdco gegn útgáfufélagi Stundarinnar og Reykjavík media í Héraðsdómi Reykjavíkur klukkan hálf eitt í dag.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu samþykkti í október að setja lögbann á umfjöllun Stundarinnar, Reykjavík Media og breska miðilsins The Guardian sem byggð var á upplýsingum úr Glitni. Þrír fyrrgreindir miðlar höfðu fjallað ítarlega um viðskipti Bjarna Benediktssonar og venslamanna hans dagana fyrir bankahrunið.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur verður kveðinn upp klukkan hálf eitt í dag.**

Auk lögbannskröfunnar var einnig gerð krafa um að gögnin yrðu afhent og að lögbann yrði lagt á frekari dreifingu eldri frétta. Kröfu um afhendingu gagnanna var hafnað en lögmaður Glitnis féll frá síðari kröfunni. Lögbannskrafan var byggð á bankaleyndarákvæði laga um fjármálastofnanir. – jhh

## Heimilislaus eftir loftárás



Hús hins 65 ára gamla Abu Rabih eyðilagðist í loftárásum stjórnarhersins í Arbin í Austur-Ghouta í Sýrlandi en uppreisnarmenn halda Arbin þrátt fyrir linnulausar árásir stjórnarhersins undanfarin fimm ár. Abu Rabih sat innan um rústir heimilis síns og ónýt húsgögn í gær. NORDICPHOTOS/AFP



Nýi Nasa-salurinn. MYND/THG ARKITEKTAR.

## Mega rífa niður til að endurreisa

**FRAMKVÆMDIR** Félagið Lindarvatn hefur fengið heimild til að rífa friðlýstan sal í Nasa við Austurvöll. Ætlunin er að endurgera síðan húsakynninn í sem upprunalegastri mynd eins og gamli Sjálfstæðissalurinn svokallaði var.

Þá hefur Lindarvatn einnig fengið leyfi byggingarfulltrúa til að rífa viðbygginguna við Landssímahúsið. Byggja á við húsið og breyta því í hótel. – gar




# Brotaþolar fá eingöngu aðgang að eigin gögnum

**Réttargæslumaður kæranda í kynferðisbrotamáli furðar sig á því að hún og skjólstæðingur hennar fái aðeins aðgang að eigin gögnum áður en ákært er í máli. Telur hún synjanir lögreglunnar í andstöðu við hagsmuni brotaþola.**

**DÓMSMÁL** Brotaþola í kynferðisafbrotamáli hefur bæði af lögreglu og héraðssaksóknara verið synjað um aðgang að gögnum máls hennar. Réttargæslumaður stúlkunnar telur synjunina afar þrönga lagatúlkun og í andstöðu við hagsmuni brotaþola.

Málið var til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Undir lok rannsóknarinnar óskaði réttargæslumaðurinn eftir öllum gögnum sem varða skjólstæðing hennar. Henni var afhent afrit af læknisvottorði skjólstæðings síns sem og kæruskýrslu hans. Synjað var um afrit af öðrum gögnum.

Að rannsókn lokinni var málið sent til héraðssaksóknara og var beiðnin þá ítrekuð. Fékk brotaþoli þá aðgang að kærunni, gögnum sem hún hafði sjálf lagt fram og vottorðum sem hana varða.

„Við fáum sumsé aðeins aðgang að þeim gögnum sem við höfum nú þegar lagt fram sjálf. Mér þykir þetta undarlegt,“ segir Sigrún Jóhannsdóttir, réttargæslumaður konunnar.

Sigrún segir að hún skilji synjunina þegar svo ber undir að rannsókn standi enn yfir og það geti spillt rannsóknarhagsmunum.

Í þessu tilfelli hafi rannsókn hins vegar verið lokið. Þá hafi aðeins verið óskað eftir gögnum sem snúa að meintu broti gegn skjólstæðingi hennar.



**Í dag mætir brotaþoli og gefur skýrslu hjá lögreglu og fær svo lítið sem ekkert að vita fyrr en um það bil tveimur árum síðar, þegar honum berst ákvörðun um ákæru eða niðurfellingu.**

Sigrún Jóhannsdóttir, réttargæslumaður kæranda í kynferðisbrotamáli

„Ég tel að þessi túlkun sé afar þröng og geti verið í andstöðu við hagsmuni brotaþola. Í dag mætir brotaþoli og gefur skýrslu hjá lögreglu og fær svo lítið sem ekkert að vita fyrr en um það bil tveimur árum síðar, þegar honum berst ákvörðun um ákæru eða niðurfellingu.

Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin fær brotaþoli strax aðgang að öllum gögnum. Við getum því ekki talað um að afhending á fyrri stigum geti dregið úr trúverðugleika brotaþola fyrir dómi. Þá getur hann kært niðurfellinguna eftir að hann fær gögnin og þannig haft möguleg áhrif á málið, það er, sé það endurupptekið.

Hefði brotaþoli einhvers konar aðgengi að gögnunum áður en ákvörðunin er tekin gæti hann bent á augljósar staðreyndavillur og stoppað í göt málsins. Það er meira en að segja það að ætla brotaþola að upplýsa um öll möguleg og ómöguleg smáatriði í einni skýrslutöku. Öll martröðin rakin á einum til tveimur klukkustundum – og brotaþoli jafnan stressaður, hræddur og illa á sig kominn. Allt lagt undir. Eru það ekki fullmiklar kröfur að gera?“

johannoli@frettabladid.is


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í rafbíl frá Volkswagen sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



Jökulsárlón í Skaftárhreppi er eitt þekktasta sköpunarverk íslenskrar náttúru og dregur að sér margan ferðamanninn á hverjum einasta degi ársins. Það hefur skapað gríðarlega mikla atvinnu fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mest fjölgun erlendra ríkisborgara í sveitarfélögum

### Mesta hlutfallslega fjölgunin




### Mest fjölgun einstaklinga




# Sums staðar eru tífalt fleiri útlendingar

**Á aðeins fjórum árum hefur orðið stórbreyting í lýðfræði lítilla sveitarfélaga á landsbyggðinni. Dæmi um að erlendum ríkisborgurum fjölgi meira en tífalt vegna ferðaþjónustu. Tæplega 38 þúsund erlendir ríkisborgarar bjuggu á Íslandi á síðasta ársfjórðungi.**

**SAMFÉLAG** Tæplega þrjátíu og átta þúsund erlendir ríkisborgarar bjuggu á Íslandi á síðasta ársfjórðungi í fyrra og hafði þeim fjölgað um 16 þúsund á aðeins fjórum árum. Fjölgunin er mest í Reykjavík eða um sex þúsund manns en einnig er mikil fjölgun í Kópavogi og Reykjanesbæ. Sé hins vegar horft á hlutfallslega fjölgun hefur fjöldi erlendra ríkisborgara ellefufaldast í Skaftárhreppi og svipaða sögu er að segja af Skútustaðahreppi. Einnig vekur mikil fjölgun í Reykjanesbæ athygli.

Í upphafi árs 2013 bjuggu tuttugu erlendir ríkisborgarar í Skaftárhreppi en á síðasta ársfjórðungi í fyrra var sú tala komin upp í 130.

> **Stærsti aðilinn hjá okkur er auðvitað alþjóðaflugvöllurinn og það atvinnulíf sem er í fyrirtækjum sem tengd eru vellinum.**
>
> Kjartan Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, segir þetta hafa jákvæð áhrif á sveitarfélagið. „Þetta krefst þess að við þurfum að byggja við leikskólann sem er mjög gott og kannski merki um að sveitarfélagið sé í sókn,“ segir Sandra Brá. „Fyrst og fremst er það ferðaþjónustan sem útskýrir þetta. Erlent vinnuafl kemur hingað til að vinna í ferðaþjónustu og hér er fólk að setjast að.“

Þorsteinn Gunnarsson er sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Hann segir vöxtinn hafa verið ævintýralegan síðustu ár og að á síðustu þremur árum hafi íbúum fjölgað um nærri 140 sem verður að teljast mjög óvenjulegt í svo litlu sveitarfélagi eins og hreppurinn er. „Við erum nú að bíða eftir því að komast yfir fimm hundruð og eigum ekki langt í land með það. Hér eru erlendir einstaklingar að setjast að og vinna við ferðaþjónustu en einnig eru heimamenn að koma heim og sjá tækifæri í að búa hér og starfa sem er gleðilegt.

Af ferðaþjónustuaðilum sem ég ræði við koma nærri daglega óskir að utan um að vinna hér við Mývatn sem segir okkur að orðspor svæðisins og fyrirtækjanna er afar gott á erlendri grund.“

Í Reykjanesbæ hefur fjölgað á tímabilinu um 2.350 erlenda ríkisborgara og eru nú 3.650 íbúar Reykjanesbæjar erlendir ríkisborgarar. „Stærsti aðilinn hjá okkur er auðvitað alþjóðaflugvöllurinn og það atvinnulíf sem er í fyrirtækjum sem tengd eru vellinum. Þetta er ákveðið verkefni fyrir okkur en við tökum þessu vel og bæjarbúar hafa tekið þessum breytingum mjög vel að mínu mati,“ segir Kjartan Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

„En þetta reynir auðvitað á innviðina. Í leik- og grunnskólum okkar eru töluð þrjátíu tungumál og því þurfum við sérstaklega að vanda okkur og gera okkur besta í að mennta börnin okkar jafn vel, óháð því hvar þau fæddust eða hvert tungumálið er sem talað er á heimilum fólks,“ segir Kjartan.

sveinn@frettabladid.is

# Gamlir reikningar farnir til Ríkisendurskoðunar

**STJÓRNMÁL** Flokkur heimilanna hefur loks skilað inn fullnægjandi ársreikningum til Ríkisendurskoðunar vegna áranna 2015 og 2016. Flokkurinn bauð fram til alþingiskosninganna 2013 og hlaut ríflega þrjú prósent atkvæða og vann sér þar með rétt til framlaga úr ríkissjóði. Á tímabilinu 2013 til 2016 fékk flokkurinn rúmar 29 milljónir króna úr ríkissjóði.



Kristján Snorri Ingólfsson

Fréttablaðið greindi frá því í október að flokkurinn hefði skilað inn ársreikningi fyrir 2015 í febrúar í fyrra. Reikningurinn reyndist aftur á móti óendurskoðaður og óskaði Ríkisendurskoðun eftir frekari gögnum og skýringum á rekstri flokksins. Áður hefur verið seinagangur á ársreikningaskilum flokksins en í desember 2015 munaði minnstu að Ríkisendurskoðun kærði vanskil á reikningi ársins 2014 til lögreglu, líkt og Fréttablaðið hefur greint frá.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2015 skilaði flokkurinn 1,6 milljóna króna hagnaði en skuldir námu rúmum tveimur milljónum. Árið 2016 var 820 þúsund króna tap á flokknum en námu skuldir rúmum 1,8 milljónum.

Flokkurinn hefur ekki boðið fram til þings síðan 2013 en illdeilur hafa verið meðal stofnenda, sem meðal annars enduðu í meiðyrðamáli fyrir héraðsdómi. Þar var Pétur Gunnlaugsson, útvarpsmaður á Útvarpi Sögu, sýknaður í máli sem Kristján Snorri Ingólfsson, formaður flokksins, höfðaði vegna ummæla Péturs um að Kristjáni hefði láðst að greiða skuldir flokksins og þess í stað farið til Brasilíu á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu 2014. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í fyrra kom fram að flokkurinn hefði borgað einkafyrirtæki formannsins og bróður hans 5,3 milljónir úr sjóðum flokksins þegar Pétur lét ummælin falla í júlí 2014. – smj

# Telja gjöf til bæjarfulltrúanna eðlilega

**AKUREYRI** Siðfræðingur hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands telur boðsferð bæjarfulltrúa á Akureyri til Cuxhaven í boði Samherja vera á afar gráu svæði og ámælisvert að rökstuðningur fyrir því að þekkjast boðið komi eftir á. Oddviti Sjálfstæðisflokksins sem tók boði Samherja segir það mjög eðlilegt að fulltrúar bæjarins hafi verið á staðnum.

Föstudaginn 12. janúar var tveimur nýjum skipum dótturfélags Samherja í Þýskalandi gefið nafn við hátíðlega athöfn. Tveir oddvitar bæjarstjórnar á Akureyri þekktust boð Samherja. Stóð ferðin yfir í þrjá daga og var greidd að fullu af Samherja. Gunnar Gíslason, oddviti Sjálfstæðisflokksins og Matthías Rögnvaldsson, oddviti L-listans, tóku boði Samherja.

„Þetta er augljóslega á gráu svæði,“ segir Henry Alexander Henrysson siðfræðingur. „Það er umtalsverður kostnaður af svona ferðum og því gæti þetta verið óþægilegt. Einnig eru eftiráskýringar aldrei góðar.“

„Það er kannski rétt að við hefðum átt að ræða hlutina opinskátt áður en farið var í ferðina. Ég hins vegar sé ekkert athugavert við að fulltrúar bæjarins hafi farið í þessa ferð,“ segir Gunnar Gíslason.



Öllum oddvitum flokkanna í bæjarstjórn var boðið af Samherja til Cuxhaven. Oddvitar Sjálfstæðisflokksins og L-listans tóku boðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Í áttundu grein siðareglna kjörinna fulltrúa kemur fram að kjörnir fulltrúar taki ekki við gjöfum frá þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins. – sa

# SPARAÐU ALLT AÐ

# 25%

## AÐEINS Á VÖLDUM VÖRUM



# Fjölmiðlabanni Kenyatta aflétt

**KENÍA** Hæstiréttur Keníu aflétti í gær útsendingarbanni sem ríkisstjórn Uhuru Kenyatta forseta lagði á fréttastöðvarnar KTN, NTV og Citizen TV vegna fyrirhugaðra útsendinga frá táknrænni en óopinberri innsetningarathöfn forsetaframbjóðandans og stjórnarandstæðingsins Raila Odinga.

Úrskurður hæstaréttar nær þó einungis til tveggja vikna á meðan málið fer fyrir rétt.

Samkvæmt blaðamanni BBC í höfuðborginni Naíróbí bendir ekkert til þess að ríkisstjórnin ætli að framfylgja þessari ákvörðun hæstaréttar og voru miðlarnir ekki í loftinu þegar þessi frétt var skrifuð.

**Ekkert bendir til þess að ríkisstjórnin ætli að framfylgja ákvörðun hæstaréttar um að aflétta útsendingarbanni á fréttastöðvarnar.**

Innanríkisráðuneytið sagði í tilkynningu fyrr í vikunni að athöfnin hefði verið tilraun til að grafa undan ríkisstjórninni og að með henni hefðu stjórnarandstæðingar lagt línurnar að byltingu sem gæti dregið þúsundir Keníumanna til dauða.

Odinga vildi með athöfninni mótmæla Kenyatta forseta en sá fyrrnefndi sniðgekk forsetakosningar októbermánaðar eftir að hafa tapað fyrir forsetanum í ógildum forsetakosningum ágústmánaðar. – þea

# Segja Pólverja afneita Helförinni

Ólöglegt verður að segja Pólverja meðseka í helförinni. Ísraelar segja að um sé að ræða Helfararafneitun og afbökun sannleikans. Pólska ríkisstjórnin er gáttuð á viðbrögðunum.



Útrýmingarbúðirnar í Auschwitz voru starfræktar í Póllandi. NORDICPHOTOS/AFP

**ÍSRAEL** Ákvörðun pólska þingsins um að refsivert verði að segja pólsku þjóðina geranda í Helförinni er tilraun til að endurskrifa söguna og í raun afneita Helförinni. Þetta sagði Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í gær.

Hið nýsamþykkta frumvarp er afar umdeilt og er óhætt að segja að Ísraelar séu ósáttir. Ef Andrzej Duda, forseti Póllands, skrifar undir frumvarpið mun hver sá sem segir Pólverja meðseka í Helförinni sæta sektum eða allt að þriggja ára fangelsi. Allt bendir til þess að Duda muni skrifa undir. Í gær sagði hann Pólverja eiga rétt á því að „vernda sagnfræðilegan sannleika“.

Alls greiddu 57 öldungadeildarþingmenn atkvæði með frumvarpinu og 23 á móti. Ríkið hefur lengi mótmælt notkun frasa á borð við „pólskar útrýmingarbúðir“ og telur ríkisstjórnin ósanngjarnt að segja að Pólland hafi borið ábyrgð á útrýmingarbúðum á borð við þær í Auschwitz. Búðirnar hafi verið byggðar og reknar af nasistum eftir hernám Póllands.

Hins vegar þykir öllu umdeildara að frumvarpið leiði til þess að ásakanir á hendur pólskum einstaklingum um meðsekt verði bannaðar. Fyrir slíkum ásökunum er þó sagnfræðilegur og raunverulegur grundvöllur.

Ísraelskir þingmenn eru nú með frumvarp í smíðum sem myndi útvíkka Helfararafneitunarlöggjöf ríkisins með þeim hætti að fimm ára fangelsisvist yrði við afneitun þess að samstarfsmenn nasista, meðal annars Pólverjar, hafi átt þátt í Helförinni.

Helfararstofnun Ísraels hafði áður varað við að frumvarp Pólverja hundsaði þá sagnfræðilegu staðreynd að Pólverjar hafi aðstoðað Þjóðverja í Helförinni. Þó væri ósanngjarnt að tala um „pólskar útrýmingarbúðir“.

Samkvæmt BBC eru pólskir stjórnmálamenn, einkum úr röðum ríkisstjórnarinnar, undrandi á viðbrögðum Ísraela. „Það hryggir okkur og kemur okkur á óvart að viðleitni okkar til að viðhalda virðingu pólsku þjóðarinnar og að berjast fyrir sannleikanum sé tekið á þennan hátt,“ sagði Stanislaw Karczweski, forseti öldungadeildar þingsins, í gær.

Um hundrað pólskir listamenn, stjórnmálamenn og blaðamenn skrifuðu undir opið bréf sem birtist í gær til að knýja á um að frumvarpið verði dregið til baka. Það gengi of langt í þá átt að gera Pólverja að „einu saklausu þjóð Evrópu“. thorgnyr@frettabladid.is




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87171 01/18




**Norður-Írland er notalegt**
Það er ljúft að bregða sér í vorferð til Belfast. Flugið er stutt og flugvöllurinn er bæði þægilegur og nálægt bænum. Hagstætt verðlag, áhugaverð saga, notalegir pöbbar og indælir íbúar taka vel á móti ferðalöngum.

Icelandair flýgur beint til Belfast allt að þrisvar í viku, á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum. Flugið er í samstarfi við Air Iceland Connect og flogið er á Q400 vélum.

Ireland
ireland.com

ICELANDAIR

# Blikur á lofti



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Það er sama hvert er litið. Þróunin í íslensku efnahagslífi á allra síðustu árum hefur á flesta mælikvarða verið fordæmalaus. Það hefur ríkt verðstöðugleiki þrátt fyrir að á sama tíma hafi verið hagvöxtur sem aðeins þekkist í nýmarkaðsríkjum. Verðbólga hefur þannig mælst undir markmiði Seðlabankans samfleytt í fjögur ár. Engin dæmi eru um slíkt í lýðveldissögunni. Þessi mynd segir engu að síður ekki alla söguna. Væri ekki fyrir miklar húsnæðisverðhækkanir þá væri í reynd meiri verðhjöðnun hér á landi en í mörgum nágrannaríkjum.

Takturinn í hagkerfinu er hins vegar að breytast og skeiði verðhjöðnunar að ljúka. Fyrirtæki landsins standa núna mörg hver frammi fyrir tveimur valkostum. Hagræða eða ráðast í uppsagnir. Sú þróun er þegar hafin sem endurspeglast meðal annars í þeirri staðreynd að í fyrra var fimm ára met slegið í hópuppsögnum. Þær miklu launahækkanir sem um var samið í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði 2015 eru farnar að hafa veruleg áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja. Efnahagsbati síðustu ára hefur að stórum hluta farið til launþega, minna til atvinnurekenda.

Flestir reiknuðu með að verðbólgan myndi fara af stað eftir að samið var um tugprósenta launahækkanir í síðustu kjarasamningum. Sökum óvenjulegra aðstæðna – mikillar gengisstyrkingar, hagstæðra viðskiptakjara og lægra vöruverðs vegna afnáms tolla og vörugjalda – gekk það sem betur fer ekki eftir. Nú horfir staðan öðruvísi við. Nýjar hagtölur sem bárust í vikunni sýna að verðbólga fer vaxandi. Hætt er við því að sú þróun haldi áfram á næstunni. Gengi krónunnar er hætt að styrkjast og fyrirtæki hafa litið sem ekkert svigrúm til að taka á sig meiri kostnað. Þau munu að óbreyttu bregðast við launahækkunum með því að velta þeim út í verðlagið með tilheyrandi aukinni verðbólgu.

Fyrir þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum er sá möguleiki aftur á móti ekki fyrir hendi heldur þurfa þau að leita leiða til að hagræða. Ein birtingarmynd þessa er ákvörðun prentsmiðjunnar Odda um að segja upp 86 manns. Sú frétt, ásamt vísbendingum um vaxandi verðbólguþrýsting, ætti að undirstrika þau sannindi að þjóðarbúið getur ekki staðið undir annarri eins launahækkunarlotu. Veruleikinn er sá að kaupmáttur hefur aukist um liðlega 20 prósent á þremur árum og laun á Íslandi eru þau næsthæstu á meðal OECD-ríkja. Markmið komandi kjarasamningaviðræðna hlýtur að vera að festa í sessi þá kaupmáttaraukningu sem áunnist hefur og kasta ekki efnahagsstöðugleikanum fyrir róða með innistæðulausum nafnlaunahækkunum.

Íslendingar hafa jafnað tamið sér þann hugsunarhátt að hádegisverðurinn sé ókeypis og að laun geti því verið ákvörðuð án tillits til samkeppnisstöðu útflutningsgreina landsins hverju sinni. Svo er auðvitað ekki. Hækki laun umfram framleiðni leiðir það að lokum til lægra gengis, meiri verðbólgu og hærri vaxta en þekkist í nágrannaríkjum. Og niðurstaða sumra af þessari arfavitlausu hagstjórn er síðan sú að gera gjaldmiðilinn að blóraböggli. Þessu rugli þarf að linna. Það er undir okkur sjálfum komið, einkum stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins, hvort við viljum enn á ný fara þessa leið. Ef svo er, þá munu lögmál hagfræðinnar einfaldlega taka við.

> **Efnahagsbati síðustu ára hefur að stórum hluta farið til launþega, minna til atvinnurekenda.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Heimur feigrar stéttar**
**Atvinnuöryggi blaðamanna er takmarkað en engu að síður hafa óvænt starfslok Helgu Arnardóttur hjá tímaritaútgáfunni Birtingi vakið mikla athygli. Ekki síst þar sem Helga, nýráðin yfirritstjóri útgáfunnar, hafði aðeins starfað þar í mánuð. Helga náði þó ekki neinum mettíma á þessari hlaupabraut þar sem blaðamanninum Jakobi Bjarnari Grétarssyni var sagt upp hjá Birtingi 2007, tæpum tveimur vikum eftir að hann var ráðinn á tímaritið Mannlíf. Mikael Torfason, þá yfirritstjóri, réð Jakob til starfa. Hann hætti snögglega nokkrum dögum síðar eftir ágreining við yfirstjórn útgáfunnar og fjórum dögum seinna sendi stjórnin Jakob sömu leið og Mikael.**

**Betur heima setið**
**Helga og Jakob hættu bæði í öruggri vinnu fyrir Birting. Helga hjá RÚV og Jakob hjá 365 miðlum þar sem hann var þá á Fréttablaðinu. Birtingur virðist því vera reyndu fjölmiðlafólki í öruggu starfi sérlega skeinuhættur og í þessum tveimur tilfellum hefði betur verið heima setið. Hringekju Jakobs lauk á byrjunarreit og hann er nú blaðamaður á Vísi. Hvert stutt dvöl Helgu hjá Birtingi mun leiða hana á eftir að koma í ljós en næsta víst er að hún hefur ekki sagt sitt síðasta í fjölmiðlum.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Menntaborgin Reykjavík



**Skúli Helgason**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður skóla- og frístundaráðs

Reykjavík hefur sett sér það metnaðarfulla markmið að bjóða börnunum í borginni skóla- og frístundastarf sem er í fremstu röð. Á kjörtímabilinu hefur okkur tekist að hefja mikla sókn í málaflokknum, eftir að okkur tókst að rétta við fjárhag borgarinnar. Fjárveitingar til málaflokksins hafa aukist um fjórðung, eða níu milljarða króna, á kjörtímabilinu og er nú svo komið að fjármagn til menntamála í borginni er orðið umtalsvert meira en fyrir hrun, á föstu verðlagi. Við hyggjumst byggja áfram á þessum góða grunni á næsta kjörtímabili og tryggja að skóla- og frístundastarf í borginni verði í fremstu röð, svo sannarlega verði hægt að tala um menntaborgina Reykjavík.

**Þúsundir vinna að menntastefnu**
Við höfum styrkt innra starf leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og sérstakt forgangsmál okkar er að bæta vinnuumhverfi kennara og annars starfsfólks. Síðasta ár höfum við unnið að mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, með því að virkja þær þúsundir starfsmanna sem starfa í skólasamfélaginu í borginni. Vinnan við nýja menntastefnu er á lokametrunum og verður kynnt í febrúar.

Ég tel að við höfum einstakt tækifæri til að þróa í samvinnu við skólasamfélagið framsækið og skapandi skóla- og frístundastarf sem svarar kalli nútímans, undirbýr börn og ungmenni fyrir líf í heimi þar sem sköpun, miðlun og nýting þekkingar hefur tekið algjörum stakkaskiptum. Ný menntastefna undirstrikar að börnin sjálf eru í aðalhlutverki og daglegt starf snúist í auknum mæli um að kynna fyrir þeim fjölbreytileg viðfangsefni, þroska gagnrýna hugsun og samvinnunám, nýta áhugasvið þeirra og styrkleika í glímu við fjölbreytt verkefni.

**Grunnur að jöfnuði**
Menntamál eru málaflokkur framtíðarinnar og ástæða þess að ég hef helgað mig menntamálunum er að þar gefst okkur tækifæri til að sýna hvernig þjóðfélag byggt á jöfnuði lítur út, þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri til að finna hæfileikum sínum farveg. Það er verðugt verkefni sem við getum öll sameinast um að hrinda í framkvæmd.

> **Fjárveitingar til málaflokksins hafa aukist um fjórðung, eða níu milljarða króna, á kjörtímabilinu.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samfélag örvæntingar

Í DAG



Bergur Ebbi

Ég er að hugsa um stemninguna. Líklegast er það rétt sem greinendur efnahagslífsins segja. Við erum ekki að fara inn í annað hrun. Ekkert í líkingu við það sem gerðist 2008. Fólk og fyrirtæki eiga meira í eignum sínum. Við eigum nóg af erlendum gjaldeyri og skuldum lítið í útlöndum. Og vonandi reynist það rétt og við sleppum við ástand örvæntingar. En örvænting hefur raunar ekkert með efnahagsmál að gera. Örvænting er sjálfstæð tilfinning – og þó að efnahagsmál geti verið kveikjan að henni, þá er eldgjafi hennar, sjálft bensínið, ávallt eitthvað annað.

Það getur nefnilega verið að fókus okkar sé um of á verðbólguvísitölur og önnur efnahagsleg viðmið. Við erum jú auðvitað sífellt brennd af hagkerfis-jójóinu sem öll vestræn hagkerfi taka þátt í, og okkar land með sérstökum öfgum. En einmitt meðan efnahagsvísitölur fá of mikinn fókus, þá gleymist að huga að öðrum þáttum.

Paranoja grefur um sig. Þegar maður veit ekki fyrir hvað fólk stendur. Vottarnir sem banka á dyrnar þínar eru allavega mættir í nafni Krists – en stór hluti þess sem bankar á rafrænar dyr þínar á samfélagsmiðlum eru duldar auglýsingar fyrir sódavatn, strigaskó, stjórnmálaflokka, þvagræsilyf eða bara auglýsingar fyrir hið ómótstæðilega vörumerki sem sérhver manneskja er orðin. Já. Paranoja. Ofsóknaræði. Það er stórt orð, en óþægilega kunnuglegt fyrir fjölmarga. Þegar fólk og skoðanir þess eru svo gríðarlega uppáþrengjandi en samt er maður svo kyrfilega afmarkaður frá þeim.

> **Það sem hrjáir okkur er ekki bara hefðbundið lífsgæðakapphlaup af gamla skólanum. Því það sem er markaðsvætt er ekki aðeins hið efnislega, heldur einnig hið siðferðislega. Vörur og hugmyndir eru seldar í krafti mannúðar.**

Enda þarf maður ekki að rífast við neinn lengur. Hvers vegna ætti ég að hafa skoðun á einhverri plötu eða ljóðabók þegar ég get svo léttilega síað aðeins það inn í vitund mína sem ég veit fyrirfram að mér mun líka? Það er líka svo leiðinlegt að rífast. Átakasækið fólk er gjarnara á að fá hjartaáföll. Pant ekki ég. Það kann að vera að mér finnist fjölmargt í samfélaginu lélegt, leiðinlegt og illa úthugsað. En hvers vegna ætti ég að hafa orð á því? Þessir kjarasamningar munu klárast, þessi ljóð munu gleymast, þessi stormur mun líða hjá. Reiknilíkönin sýna mér það svart á hvítu.

En hvers vegna þá þessi paranoja? Því hvað ef ljóðin sem gleymast inniheldu orðin sem ég þurfti að heyra? Hvað ef uppáhalds sjónvarpsserían mín er bara uppáhalds sjónvarpsserían mín vegna þess að Netflix reiknaði út að svo væri? Hvað er annars í gangi handan síunnar, filtersins, sem ég hef sett upp? Er verið að tala um eitthvað óþægilegt? Eitthvað sem ég ætti að heyra en hef síað burt úr tilvist minni því það er vandræðalegt, asnalegt, neyðarlegt? Það er ekkert ýkt að nota orð eins og paranoja. Geðlæknarnir þekkja einkennin og leysa út lyfin sem aldrei fyrr. Og það er ekkert að þeirra greiningum eða ávísunum. Sá sem heldur það er hinn sami og heldur að eldgos séu fjallinu að kenna. Það sem málið snýst um er auðvitað hvers vegna fólk vilji á annað borð deyfa sig og hvað það er sem fær músík til að hljóma eins og hún sé samin og flutt af fólki í móki. Fólk deyfir sig, hjúpar kvíðann með pillum, miklu fleiri deyfa sig til dauða en við þorum að horfast í augu við.

Og það þarf meira en ráðlagðan dagskammt af skandinavískum inniskós-sósíalisma til að að stemma stigu við þessari þróun. Það sem hrjáir okkur er ekki bara hefðbundið lífsgæðakapphlaup af gamla skólanum. Því það sem er markaðsvætt er ekki aðeins hið efnislega, heldur einnig hið siðferðislega. Vörur og hugmyndir eru seldar í krafti mannúðar. Ekki aðeins gegn greiðslu peninga, heldur með vöruskiptum við aðrar hugmyndir og aðra mannúð. Lánaðu andlitið þitt í þetta, gerðu það verðmætara, í skiptum við stuðning við börn í neyð, konur í neyð, dýr í neyð. Allir græða. Fokk ofbeldi, vegna þess að flott fólk segir það.

Og maður reynir að vera góður. En auðvitað er maður ekkert góður. Maður getur verið ábyrgur, nákvæmur, taktviss, með eyrun opin og leitandi að réttu svörunum. En maður er varla góður. Síðan hvenær er manni ætlað að dæma sjálfan sig góðan eða ekki? Það er meiri ábyrgð en einstaklingur ræður við. Frekar vil ég rífa kjaft í harðlínuátökum en að standa í slíkri sjálfdæmingu. Frekar læt ég reiðan og skapvondan Guð dæma mig en að dæma mig sjálfur. Samfélag sem ætlar hverjum og einum að meta virði sitt, gildi sín og stefnu – það er samfélag sem virkar ágætlega í hagsveiflu og stemningu. En um leið og eitthvað klikkar, þá er það samfélag örvæntingar.







CR-V
Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

HONDA CR-V - **VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**
VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA




## TAMPA
U-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **142.425 kr.**




## TAMPA
hornsófi með hvíld

Hornsófi. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga
Stærð: 270 x 215 cm

**Fullt verð: 169.900**

Aðeins **127.425 kr.**




## BOGGIE
Stóll og 3ja sæta sófi

KLASSÍSK hönnun

Slitsterkt áklæði. Orange, grár, brúnn, blár og rauður. Stóll fáanlegur í sömu litum.
Stærð sófa: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

**Fullt verð á sófa : 89.900 kr.**

Þriggja sæta sófi

Aðeins **67.425 kr.**

**Fullt verð á stól : 49.900 kr.**

Stóll

Aðeins **37.425 kr.**






## BUFFALO
lyftistóll
úr leðri

Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Aðstoðar þig á fætur. Hægt að fá í svörtum, brúnum og dröppuðum lit.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

Aðeins **143.920 kr.**

## JAZZ
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll. Koníaksbrúnt, brúnt eða svart leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**




Aðeins **69.930 kr.**

Charlotte Julien
Dream your world™




SHAPE BY NATURE'S BEDDING

## STILLANLEGT HEILSURÚM
með Shape heilsudýnu

**C&J stillanleg rúm:**

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótor

| Stærð cm | Shape og C&J silver | Útsölu-verð |
|---|---|---|
| 2x80x200 | 319.900 | 292.960 |
| 2x90x200 | 339.900 | 309.960 |
| 2x90x210 | 365.900 | 331.160 |
| 2x100x200 | 365.900 | 331.160 |
| 120x200 | 187.900 | 160.960 |
| 140x200 | 214.900 | 287.960 |

# Stillanlegt og þægilegt – fyrir þínar bestu stundir!

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# Útsölulok um helgina

## EKKI MISSA AF ÞESSU

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast




# Janúar útsala

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




## SB - DÚNSÆNG

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 9.900 kr

Sæng aðeins **6.930 kr.**

## SB - DÚNKODDI

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 4.900 kr

Koddi aðeins **3.430 kr.**

Scandinavian Bedding

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm m/Classic botni

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m$^2$
- Vandaðar kantstyrkingar

Nature's Bedding




| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | 60.830 |
| 90x200 | 89.900 | 65.930 |
| 100x200 | 96.900 | 71.030 |
| 120x200 | 109.900 | 80.530 |
| 140x200 | 119.900 | 87.930 |
| 160x200 | 134.900 | 98.930 |
| 180x200 | 149.900 | 109.930 |

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Ótrúlegt verð

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Óháð Ríkisútvarp – betra Ríkisútvarp



**Magnús Ragnarsson**
framkvæmdastjóri hjá Símanum

Staða Ríkisútvarpsins er nú orðin sú sem BBC telur brýnt að forðast: Hagsmunir auglýsenda stýra dagskrárstefnunni og í kjölfarið ryksugar stærsta söludeild íslenskra fjölmiðla tekjur úr hverju horni markaðarins. Ný skýrsla um rekstrarstöðu einkarekinna fjölmiðla hefur á síðustu dögum valdið nokkru fjaðrafoki þar sem tillaga meirihlutans var skýr, heppilegast væri að Ríkisútvarpið hverfi hið fyrsta af auglýsingamarkaði. Þar með verði horfið frá samkeppnisrekstri ríkisins í auglýsingasölu, bæði í sjónvarpi og útvarpi.

Breska ríkisútvarpið BBC er fyrirmynd flestra ríkisfjölmiðla og á vef þeirra er stefnan birt afdráttarlaus: „BBC er ekki heimilt að selja auglýsingar eða kostanir á almenningsþjónustu. Þannig er stofnunin sjálfstæð frá hagsmunum auglýsenda og tryggt að einungis er verið að sinna hagsmunum áhorfenda. Ef BBC myndi selja aðgang að útsendingum, í heild eða að hluta, myndu hagsmunir auglýsenda stjórna bæði dagskrárgerð og dagskráruppstillingu. Einnig yrðu þá mun minni tekjur fyrir aðra ljósvakamiðla.“

### Auglýsingar stýra lengd þátta

Fyrst um dagskrá Ríkisútvarpsins. Nokkrar takmarkanir eru á notkun auglýsingahólfa og þurfa innlendir dagskrárliðir að vera meira en ein klukkustund til að rjúfa megi útsendingu. Þessi regla hefur valdið því að vinsælustu þættir í Ríkissjónvarpinu eru nú allir orðnir 70 mínútur að lengd. Vöruinnsetningar í dagskrárefni eru algengar. Þegar einkarekinn sjónvarpsstöðvarnar bjóða sitt vandaðasta dagskrárefni er algengara en ekki að RÚV sýni á sama tíma sitt besta efni sem er samkeppni en ekki þjónusta. Dagskrárliðir sem ættu heima á hliðarrásum eru látnir riðla dagskrá á meginrás til að safna áhorfspunktum. Langir skemmtiþættir á borð við Útsvar, Fjölskylduna og kynningar á Eurovision njóta forgangs á meðan innlent leikið sjónvarpsefni virðist horfið af dagskrá.

Auglýsingadeildin er þó einkareknum miðlum erfiðari keppinautur en dagskrárdeildin. Sölunni hefur vissulega verið settur rammi í starfsreglum en þær eru oftlega virtar að vettugi til að auka tekjur stofnunarinnar. Vera Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði er vissulega óheppileg en það eru vinnubrögð söludeildar sem gera ástandið illþolanlegt fyrir samkeppnisaðila. Nýlega fékk undirritaður tilboð um ókeypis birtingar í Vetrarólympíuleikum ef hann kæmi með nógu „flott plan og upphæð inní dagskrána“. Höfum í huga að hér er verið að semja við ríkisstofnun með yfirburðastöðu á samkeppnismarkaði.

### Hundruð milljóna í auglýsingaöflun

Niðurstaða meirihluta nefndarinnar er að heppilegast sé að Ríkisútvarpið fari af auglýsingamarkaði hið fyrsta. Þeir sem eru ósammála segja að þá þurfi að bæta stofnuninni þá 2,2 milljarða sem hverfa af tekjuhliðinni. Þetta er ofmat því hið raunverulega tekjutap er líklega nær 1,6 milljörðum. Það kostar Ríkisútvarpið nefnilega peninga að sækja auglýsingatekjur og sölukostnaður, sem samanstendur af launakostnaði, þjónustugjöldum, áhorfsmælingum og öðrum rekstri, er vart undir 600 milljónum á ári.

Ekkert kallar á þennan kostnað þó að auglýsingahólf stæðu áfram til boða í einhvern tíma. Auglýsendur myndu einfaldlega bóka sjálfir sínar auglýsingar á fyrirfram gefnu opinberu verði en Ríkisútvarpið léti af sókn sinni á markaðinn í leit að næstu krónum. Mínútum yrði svo fækkað á næstu árum þar til stofnunin yrði óháð auglýsendum. Að sjálfsögðu yrði haldið áfram að lækka annan kostnað við rekstur á sama tíma og þar er af nógu að taka. Engin ástæða er fyrir Ríkisútvarpið að elta dýr verkefni á borð við handbolta- eða knattspyrnumót sem keppst er um að sýna, vandséð er hversu lengi er þörf fyrir Rás 2 fyrir unga fólkið nú þegar meðalhlustandinn er kominn vel á sextugsaldur, Rondó er óþörf almannaþjónusta og þannig má lengi telja.

Það er sannfæring mín að ef tekst að venja Ríkisútvarpið af auglýsingatekjum verði stofnunin miklu betur í stakk búin til að sinna raunverulegu hlutverki sínu eins og það er skilgreint í lögum. Vonandi verður ráðist í breytingar til batnaðar þrátt fyrir hræðsluáróður þeirra sem vilja halda óbreyttu ástandi til að verja eigin hagsmuni. Óháð Ríkisútvarp – já takk, því þá skapast meiri fjölbreytni fjölmiðla og þar með öflugra samfélag.

**Nýlega fékk undirritaður tilboð um ókeypis birtingar í Vetrarólympíuleikum ef hann kæmi með nógu „flott plan og upphæð inní dagskrána“. Höfum í huga að hér er verið að semja við ríkisstofnun með yfirburðastöðu á samkeppnismarkaði.**

# Umfjöllun um húsnæðismál Listaháskóla Íslands – athugasemd



**Fríða Björk Ingvarsdóttir**
rektor Listaháskóla Íslands

Listaháskóli Íslands (LHÍ) fagnar mjög þeirri athygli sem fjölmiðlar hafa sýnt húsnæðisvanda sviðslistadeildar skólans eftir aðgerðir nemenda sl. mánudag. Jafnframt fagna stjórnendur LHÍ, frumkvæði og hugrekki nemenda við að koma þessu brýna málefni á framfæri og kröfu þeirra um tafarlausar aðgerðir.

Umfjöllun leiðandi fjölmiðla, t.a.m. RÚV og fréttatíma Stöðvar 2 í þessari viku, hefur verið mikilvæg og uppbyggileg, enda hafa blaðamenn allir sem einn leitað viðbragða og/eða upplýsinga hjá rektor, auk þess að ræða við nemendur. Leiðari, eða „Skoðun“, Magnúsar Guðmundssonar í Fréttablaðinu í fyrradag, er þó undantekning er sýnir hvernig slök vinnubrögð verða til þess að mála upp mynd gagnvart almenningi sem ekki byggir á staðreyndum. Magnús staðhæfir að húsnæðismálin séu slagur „sem stjórnendur hefðu átt að taka á opinberum vettvangi fyrir lifandis löngu“ eða víkja ella. Hann horfir alfarið framhjá allri þeirri vinnu sem stjórnendur hafa lagt í húsnæðismálin undanfarin ár og allir mikilvægustu fjölmiðlar landsins hafa ítrekað gert grein fyrir. Allt er þetta aðgengilegt á vef LHÍ og með einfaldri leit á netinu (http://www.lhi.is/frettir/husnaedismal-listahaskolans).

Árangur þessa sleitulausa starfs er m.a. sá að lausn á húsnæðismálum skólans rataði inn í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar, auk þess sem Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra gerði nýverið grein fyrir sínum aðgerðum: (https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/12/21/Husnaedismal-Listahaskolans-komin-i-farveg/)

Meginkrafa nemenda um bætt húsnæði er það sem skiptir höfuðmáli í þessu tilliti, enda réttmæt og brýn. Í erindi því sem þau sendu fjölmiðlum eru þó einnig fullyrðingar um innra starf sem eru mjög orðum auknar en skiljanlegar vegna þess hve mjög húsnæðismálin hafa reynt á þolrif allra. Í stað þess að kanna sannleiksgildi þessara fullyrðinga gerir Magnús þær beinlínis að sínum eigin og heldur þeim þar með fram sem staðreyndum á opinberum vettvangi í Fréttablaðinu. Hann, öfugt við alla aðra fjölmiðlamenn, hafði ekki samband við LHÍ þótt kjarni málsins sé fyrir betra húsnæði nemendum til handa. Hann sannreyndi m.ö.o. ekki það sem hann heldur fram sem staðreyndum og bregst þannig meginskyldu upplýstrar og áreiðanlegrar blaðamennsku.

Magnús heldur því aukinheldur fram að nemendur LHÍ séu þeir einu í „ríkisreknum háskóla“ sem þurfi að greiða skólagjöld. LHÍ er ekki ríkisháskóli, heldur sjálfseignarstofnun sem innheimtir skólagjöld á sömu forsendum og Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn að Bifröst, sem rétt eins og LHÍ njóta fjárframlaga frá ríkinu skv. reiknilíkani.

Í ljósi fullyrðinga Magnúsar um stjórnendur LHÍ er vert að taka fram að núverandi rektor, sem kom til starfa í ágúst 2013, hefur ásamt stjórn skólans ítrekað farið yfir málið með þremur menntamálaráðherrum í þremur ríkisstjórnum, auk þess að standa fyrir margvíslegum aðgerðum til að vinna bug á uppsöfnuðum og áratugalöngum vanda.

LHÍ gerir alvarlega athugasemd við það sem ranglega er haldið fram af Magnúsi að stjórnendur skólans standi ekki með nemendum í baráttu fyrir lausn húsnæðisvandans, sem allt frá síðasta ári er kominn verulegur skriður á. Almenningur í landinu á rétt á því að vita að þeir sem hafa skattfé til ráðstöfunar til uppbyggingar samfélagsinnviða séu starfi sínu vaxnir og ábyrgir bæði gagnvart nemendum og þeim stjórnvöldum sem úthluta stofnunum rekstrarfé eða nauðsynlegu fjármagni til uppbyggingar – í þessu tilfelli viðunandi umgjarðar um fræðasvið lista í Listaháskóla Íslands.

**Almenningur í landinu á rétt á því að vita að þeir sem hafa skattfé til ráðstöfunar til uppbyggingar samfélagsinnviða séu starfi sínu vaxnir og ábyrgir bæði gagnvart nemendum og þeim stjórnvöldum sem úthluta stofnunum rekstrarfé eða nauðsynlegu fjármagni til uppbyggingar.**

# Sálfræðiþjónusta í alla framhaldsskóla





**Bóas Valdórsson**
sálfræðingur MH

**Steinn Jóhannsson**
konrektor MH

Á Íslandi stunda um 20.000 nemendur nám á framhaldsskólastigi. Eins og gefur að skilja eru fjölmargir nemendur í þessum hópi að glíma við áskoranir í sínu lífi. Stundum er um að ræða eðlileg og krefjandi viðfangsefni sem allir þurfa að ganga í gegnum á þessu aldursskeiði samhliða vaxandi álagi í námi og auknu persónulegu sjálfstæði.

Í þessum stóra hópi ungs fólks eru einnig nemendur sem glíma við andlega vanlíðan og áskoranir sem þau eiga erfitt með að takast á við án aðstoðar. Í því samhengi getur verið nauðsynlegt að grípa inn í og veita ráðgjöf, stuðning eða meðferð eftir því sem við á hverju sinni.

Það er ljóst að ef andleg líðan nemenda er ekki góð þá hefur það neikvæð áhrif á námsgengi þeirra, getur aukið líkur á brotthvarfi eða seinkað námslokum verulega. Sérfræðingar hafa bent á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar þegar um er að ræða andlega vanlíðan svo draga megi úr líkum þess að vandinn verði flóknari síðar á lífsleiðinni og dragi þannig úr lífsgæðum einstaklingsins og hafi í för með sér aukinn samfélagslegan kostnað. En hvað er til ráða fyrir stjórnvöld og framhaldsskólana?

Lausnin gæti m.a. falist í því að bjóða upp á sálfræðiþjónustu í öllum framhaldsskólum en með því að auðvelda aðgengi að viðeigandi þjónustu er líklegra að nemendur leiti sér aðstoðar fyrr og nái fyrr betri tökum á lífi sínu.

### Tilraunaverkefni

Undanfarin misseri hafa nokkrir framhaldsskólar farið af stað með tilraunaverkefni sem byggja á því að auðvelda aðgengi nemenda að sálfræðiþjónustu innan skólanna og hefur reynslan af því verið mjög jákvæð. Nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu vel og greinilegt er að um raunverulega þörf er að ræða. Í sumum tilvikum hafa sálfræðingar verið ráðnir inn í framhaldsskóla með fasta viðveru en einnig hafa verið gerðir samstarfssamningar við sérfræðiþjónustu sveitarfélaga eða sjálfstætt starfandi sálfræðinga um afmörkuð verkefni. Þjónustan hefur meðal annars falið í sér persónulega sálfræðiráðgjöf og stuðning til nemenda, námskeiðahald og fyrirlestra um sálfræðileg málefni, samstarf við foreldra, frummat á vanda og tilvísun til viðeigandi meðferðaraðila innan heilbrigðiskerfisins ef þörf hefur verið á. Því má segja að hlutverk sálfræðinga í framhaldsskólum geti bæði tengst forvarnar- og fræðsluverkefnum í bland við persónulega og faglega þjónustu handa nemendum.

Það er mikilvægt að foreldrar fylgist vel með andlegri líðan ungmenna sinna sem stunda nám á framhaldsskólastigi og bregðist tímanlega við verði þeir varir við breytingar á andlegri líðan. Það er ekki síður mikilvægt að ungt fólk eigi greiðan aðgang á eigin forsendum að úrræðum og þjónustu ef því líður illa eða þarf að ræða viðkvæm málefni. Það hentar nemendum vel að geta leitað sér sálfræðiþjónustu innan skólanna enda er unga fólkið okkar opið og meðvitað um mikilvægi þess að ræða eigin líðan og leita sér aðstoðar.

Það eru mikil samfélagsleg tækifæri fólgin í því að auka aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskólanemendur. Nemendurnir hafa ríka þörf fyrir slíka þjónustu og hafa meðtekið þau skilaboð hversu mikilvægt það er að sækja sér aðstoð ef eitthvað bjátar á. Það skiptir því höfuðmáli að slík þjónusta standi þeim til boða og innan skólanna er tilvalið tækifæri til að mæta þessari þörf með það fyrir augum að auka lífsgæði nemenda á framhaldsskólastigi og auka þar með líkurnar á farsælli skólagöngu og farsælli framtíð.

**Það eru mikil samfélagsleg tækifæri fólgin í því að auka aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskólanemendur.**


ceraviva
CERAVIVA SN #1 30x60cm 3.190 kr. m²
15x60cm 3.490 kr. m²
Gegnheilar gæða flísar
MÚRBÚÐARVERÐ
CERAVIVA SN #2
30x60cm 3.190 kr. m²
CERAVIVA SN #3 60x60cm 2.990 kr. m²
30x60cm 3.190 kr. m²
CERAVIVA SN #1 60x60cm 2.990 kr. m²
CERAVIVA TWILIGHT #4 60x60cm 3.390 kr. m²
BLACKATELIER
CERAVIVA TWILIGHT #3 60x60cm 3.390 kr. m²
CERAVIVA TWILIGHT #6 60x60cm 3.390 kr. m²
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Jón Daði Böðvarsson hefur verið duglegur að skora upp á síðkastið. Hér skorar hann eitt þriggja marka sinna í bikarleik gegn Stevenage. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ég elska að vera hjá Reading

**Þótt illa hafi gengið hjá Reading nýtur Jón Daði Böðvarsson lífsins hjá félaginu. Hann skoraði fimm mörk í janúar og er kominn með átta mörk á tímabilinu. Jón Daði segir Íslendinga í miklum metum hjá Reading.**

**FÓTBOLTI** Janúar var gjöfull hjá Jóni Daða Böðvarssyni, leikmanni enska B-deildarliðsins Reading. Selfyssingurinn skoraði fimm mörk í mánuðinum, öll þrjú mörk Reading í 3-0 sigri á Stevenage í endurteknum leik í 3. umferð ensku bikarkeppninnar og svo tvö mörk í 1-3 sigri á Burton Albion í B-deildinni á þriðjudaginn.

„Ég er himinlifandi með tvö mörk og mikilvægan sigur,“ segir Jón Daði í samtali við Fréttablaðið.

Reading átti gott tímabil í fyrra og var hársbreidd frá því að komast upp í ensku úrvalsdeildina. Í ár hefur ekki gengið jafn vel og Reading situr í 18. sæti B-deildarinnar.

„Væntingarnar voru að komast upp, sérstaklega eftir góðan árangur í fyrra. En því miður höfum við ekki staðið undir væntingum. Þetta er eitt af þessum tímabilum þar sem hlutirnir ganga ekki upp,“ segir Jón Daði en með sigrinum á þriðjudaginn komst Reading sex stigum frá fallsæti. Selfyssingurinn segir að núna snúist dæmið um að forðast fallbaráttuna og klára tímabilið með sæmd.

„Það er það langt liðið á tímabilið að það er ljóst að þetta verður slagur í neðri helmingnum. Við þurfum að ná í sem flest stig,“ segir Jón Daði sem verður væntanlega í eldlínunni þegar Reading fær Millwall í heimsókn á morgun.

Þrátt fyrir brösugt gengi Reading í vetur gefur Jón Daði félaginu og borginni hæstu einkunn.

„Ég elska að vera hérna. Þetta er æðisleg borg og vel staðsett, nálægt London. Ég bý í fínasta hverfi með kærustunni minni. Okkur líður mjög vel hérna,“ segir Jón Daði sem er langt því frá fyrsti Íslendingurinn sem spilar með Reading. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku lengi með liðinu við góðan orðstír og Gylfi Þór Sigurðsson hóf feril sinn sem atvinnumaður hjá Reading. Þá lék Eyjamaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson nokkra leiki með Reading. Jón Daði segir að Íslendingar séu í miklum metum hjá félaginu.

„Það eru enn starfsmenn hjá félaginu sem voru þegar þeir voru hérna. Þeir eru duglegir að tala um þá og eru stoltir af þeim. Maður finnur fyrir aukinni velvild því maður er frá Íslandi,“ segir hann.

Í herbúðum Reading eru einnig bræður úr Mosfellsbænum, Axel Óskar og Jökull Andréssynir. Hinn tvítugi Axel hefur verið að banka á dyrnar í aðalliði Reading en leikur nú sem lánsmaður með utandeildarliðinu Torquay United. Jökull er 16 ára markvörður sem þykir mikið efni.

„Þetta eru mjög fínir strákar og efnilegir,“ segir Jón Daði um landa sína hjá Reading.

Hann segir að hinn líkamlega krefjandi leikstíll ensku B-deildarinnar henti sér vel.

„Þetta er virkilega beinskeyttur fótbolti, mikil hlaup og ekki tomma gefin eftir. Þetta er erfið deild að því leyti að það eru svakalega margir leikir. Það tók mig heilt tímabil með Wolves að venjast því. Mér finnst fótboltinn hérna skemmtilegur og gaman að vera í þessu enska umhverfi. Þetta er svo ástríðufullt,“ segir Jón Daði.

Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Úlfarnir, hinir gömlu félagar Jóns Daða, leiki í ensku úrvalsdeildinni á næsta tímabili. Wolves er með 11 stiga forskot á toppi B-deildarinnar. Jón Daði segist lítið spá í það.

„Mér kemur það eiginlega ekkert við. Ég sá þetta ekkert gerast. Það voru svo svakalegar breytingar hjá þeim fyrir tímabilið. Þeir voru duglegir að styrkja sig. Mér er alveg sama hvað þeir eru að gera,“ segir hann.

Það styttist óðum í sjálft heimsmeistaramótið þar sem Ísland verður í fyrsta skipti meðal þátttökuþjóða. Þótt tilhlökkunin sé mikil segist Jón Daði aðallega einbeita sér að Reading.

„Ef ég á að vera hreinskilinn hugsa ég lítið út í það. Maður er fyrst og fremst að hugsa um að gera vel hjá Reading og síðan kemur að HM. Auðvitað er mikil spenna í manni en maður er bara í núinu,“ segir Jón Daði að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

## Enn að læra framherjastöðuna



Jón Daði hefur verið iðinn við kolann í markaskorun að undanförnu. Alls hefur hann skorað átta mörk á tímabilinu, fimm mörkum meira en hann gerði allt síðasta tímabil þegar hann lék með Wolves.

„Í byrjun tímabils var ég óheppinn með meiðsli, datt út úr liðinu og fékk mjög fáar mínútur. En núna er ég kominn í stand, spila reglulega og hlutirnar ganga vel. Mér líður eins og ég geti skorað í hverjum einasta leik,“ sagði Jón Daði.

Selfyssingurinn leggur hart að sér á æfingasvæðinu og segist langt því frá fullnuma í framherjafræðunum.

„Fólk gleymir því oft að ég varð ekki framherji fyrr en fyrir nokkrum árum. Þótt maður sé 25 ára er maður enn að læra á stöðuna. Maður reynir að vera duglegur á æfingasvæðinu, þótt það séu ekki nema fimm mínútur, bara til að sjá boltann í netinu. Þetta skilar sér smátt og smátt.“



Leikvangurinn í Volgograd tekur um 45.000 í sæti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Engisprettur ógna leik Íslendinga á HM

**FÓTBOLTI** Engisprettufaraldur gæti sett strik í reikninginn fyrir Rússa nú þegar Heimsmeistaramótið í knattspyrnu er á næsta leiti. Rússneska ríkisstjórnin greindi í gær frá því að hún óttaðist að plágan gæti eyðilagt velli sem leikið verður á í sumar.

Engisprettur eru tíðir gestir á ræktarlandi í suðurhluta Rússlands, óboðnir þó. Pyotr Chekmaryov, starfsmaður landbúnaðarráðuneytis Rússlands, sagði við rússneska miðla í gær að þótt Rússar hefðu alla jafna hemil á engisprettum gætu þær valdið alþjóðlegum engisprettuskandal í sumar.

„Knattspyrnuvellir eru grænir. Engisprettur sækja í staði þar sem grænn litur er allsráðandi. Hvað ef þær fljúga þangað sem leikirnir eiga að fara fram?“ sagði Checkmaryov enn fremur og benti á Volgograd sem sérstakt áhyggjuefni.

Íslendingar etja kappi við lið Nígeríu á vellinum í Volgograd í sumar. Auk þess munu meðal annars Englendingar keppa við lið Túnis og Pólland mætir Japan.

Checkmaryov sagði það nú vera á ábyrgð rússneskra stjórnvalda að tryggja að Rússar verði sér ekki til skammar. – **þea**



Valdís Þóra er núna að keppa á móti í Ástralíu. MYND/LET/TRISTAN JONES

## Mætast á móti í Ástralíu

**GOLF** Íslensku atvinnukylfingarnir Valdís Þóra Jónsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir mætast á Classic Bonville mótinu í Ástralíu í lok þessa mánaðar. Mótið er hluti af LET, Evrópumótaröðinni í golfi. Classic Bonville mótið fer fram dagana 22.-25. febrúar. Leiknar verða 72 holur á fjórum dögum.

Valdís Þóra keppir á Evrópumótaröðinni en Ólafía er einnig með keppnisrétt á henni, samhliða keppnisréttinum á LPGA-mótaröðinni.

Valdís Þóra er núna stödd í Ástralíu þar sem hún keppir á Oates Vic Open mótinu; fyrsta móti tímabilsins á Evrópumótaröðinni. Skagakonan lék fyrsta hringinn á mótinu á tveimur höggum yfir pari. Alls leikur Valdís Þóra á fjórum mótum í Ástralíu næsta mánuðinn.

Ólafía lenti í 26. sæti á Pure Silk mótinu á Bahamaeyjum, því fyrsta á tímabilinu á LPGA-mótaröðinni, um síðustu helgi. Hún keppir á móti í Adelaide í Ástralíu áður en þær Valdís Þóra mætast á Classic Bonville mótinu. – **iþs**

Lifandi laugardagur 3. feb.

# Útsölulok

Enn meiri afsláttur

# Götumarkaður

FJÖRÐUR
Verslunarmiðstöð Hafnarfirði

**BLÖÐRU-** listamaður frá Sirkus Íslandi



**TÓNLIST**
Þórður verður á harmonikkunni



**ANDLITS-** málun fyrir börnin



**RAT-** leikur af bestu gerð. Þú byrjar í Kósý horninu.

KÓSÝ HORNIÐ

**Nýjar verslanir 2. hæð**

FAGRIRFINGUR naglastofa

KÓSÝ HORNIÐ


BURGERS
SKÓHÖLLIN
augastaður
Body Zone
CARTER
Jubi
Leikfangaland
KONA
Smart Boutique
STRIGA Prent
BASIC BARBERSHOP
Beauty Salon Snyrtistofa
FAGRIRFINGUR naglastofa
1011
4you
Jón Arilíus KÖKULIST
ÚR & GULL
SMART BEDS by Colombo 907
PÓSTURINN
HÁRVÖRUR
MY PET
KÓSÝ HORNIÐ
HERRA HAFNARFJÖRÐUR
JÚNÍK Outlet
JÚNÍK Stórar stærðir
Mind fyrir konur
Lyf & heilsa
Arion banki

## Merkisatburðir

**1167** Orrustan á Ryðjökli í Noregi. Uppreisnarmenn undir stjórn Ólafs ógæfu ráðast að Erlingi skakka og mönnum hans.

**1347** Borgarastríði í Býsans, milli Jóhanns 6. Kantakouzenos og forráðamanna Jóhanns 5. Palaíológos lýkur með innreið Kantakouzenos í Konstantínópel. Í maí er svo samið um sættir og að Jóhann 5. skuli kvænast Helenu, dóttur Kantakouzenos.

**1461** Rósastríðin: Orrustan við Mortimer's Cross. Herlið York-ættar undir stjórn Játvarðar hertoga af York vinnur sigur á Lancaster-mönnum sem stýrt er af Owen Tudor og syni hans, Jasper jarli af Pembroke.

**1602** Leikrit Shakespeares, Þrettándakvöld, er fyrst sýnt í sal lögmannafélagsins í Middle Temple í London.

**1626** Karl 1. er krýndur Englandskonungur.

**1653** Nýja Amsterdam (síðar New York-borg) fær borgarréttindi.

**1709** Alexander Selkirk er bjargað af eyðieyju, björgun sem síðar varð grunnurinn að bókinni Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe.

**1883** Sex manns farast í snjóflóði á bæinn Stekk í Njarðvík í Borgarfirði eystra.

**1933** Adolf Hitler leysir þýska þingið upp.

**1935** Lygamælirinn er prófaður í fyrsta skipti af Leonard Keeler.

**1942** Roosevelt Bandaríkjaforseti undirritar fyrirskipun um að allir Bandaríkjamenn af japönskum uppruna skuli fluttir í fangabúðir og eigur þeirra kyrrsettar.

**1943** Síðustu hersveitir nasista gefast upp fyrir Sovétmönnum í orustunni um Stalíngrad.

**1972** Óeirðir brjótast út í Dublin vegna blóðbaðsins í Derry.

**1978** Listahátíð í Reykjavík er sett. Kvikmyndahátíð í Reykjavík er í fyrsta sinn hluti af hátíðinni.

**1978** Dyrhólaey er friðlýst.

**1979** Fyrrverandi bassaleikari Sex Pistols, Sid Vicious, finnst látinn vegna of stórs skammts af heróíni í New York-borg.

**1983** Samþykkt er á Alþingi að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins.

**1988** Halldór Halldórsson verður fyrstur Íslendinga til að fá ígrædd hjarta og lungu í átta klukkustunda aðgerð í London.

**1989** Síðustu hersveitir Sovétmanna yfirgefa Afganistan og binda þannig enda á níu ára styrjöld milli landanna.

**1989** Tölvuleikurinn SimCity kemur út í fyrsta skipti.

**1990** Þjóðarsátt um kaup og kjör gengur í gildi með það að markmiði að ná niður verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi.



Rokkstjóri Aldrei fór ég suður, tónlistamaðurinn Kristján Freyr Halldórsson (t.h.), og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Gísli Halldór Halldórsson, eru spenntir fyrir páskunum eins og alltaf. Hátíðin Aldrei fór ég suður hefst 29. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eru greinilega að gera eitthvað rétt

**Dagana 29. til 31. mars verður tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður haldin í fimmtánda sinn á Ísafirði. Rokkstjóri hátíðarinnar, Kristján Freyr Halldórsson, trúir varla að þetta verði fimmtánda hátíðin og að tónlistarfólk sé alltaf jafn spennt fyrir að taka þátt.**

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin í fimmtánda sinn á Ísafirði um páskana og í gær var hluti dagskrárinnar tilkynntur. Í tilkynningunni kemur fram að Dimma, JóiPé og Króli, Hatari og Á móti sól muni koma fram á hátíðinni svo einhver dæmi séu tekin. Rokkstjóri hátíðarinnar, tónlistarmaðurinn og Hnífsdælingurinn Kristján Freyr Halldórsson, er að vonum spenntur og trúir því varla að þetta sé í fimmtánda sinn sem hátíðin er haldin.

Kristján hefur verið með puttana í skipulagi hátíðarinnar alveg frá upphafi, frá því að hátíðin var haldin fyrst árið 2004. „Það er eiginlega alveg ótrúlegt að þetta sé fimmtánda hátíðin. Og ég verð að segja fyrir hönd okkar allra sem stöndum að þessu að í hvert einasta sinn sem við förum að hringja í tónlistarfólk þá svarar það kallinu. Við höldum einhvern veginn alltaf að við séum að brenna út en við erum greinilega að gera eitthvað rétt,“ segir Kristján og hlær. „Fólk er alltaf til í að koma. Við reynum líka að gera gott ævintýri úr þessu og ég held að það sé kannski galdurinn.“

> Hann stoppaði Hjálma af með því að þakka þeim fyrir og tilkynna hljómsveitina Trabant á svið. Þetta var náttúrulega hræðilegt.

Kristján segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðar hátíðin var fyrst sett á laggirnar. Í upphafi var þetta tilraun til að fá fólk í gott partí til Ísafjarðar að sögn Kristjáns. „En þessu var strax vel tekið. Og frá því að vera einhver svona brandari þá hefur þetta þróast yfir í að vera einn af stærstu menningarviðburðum sem haldnir eru úti á landi.“

Kristján segir alltaf jafn ánægjulegt að sjá hvernig allt samfélagið á Ísafirði leggst á eitt við að setja hátíðina upp. „Það er varla einn íbúi sem ekki kemur að hátíðinni með einhverju hættim. Þetta er eiginlega lyginni líkast.“

Þegar Kristján er spurður út í eftirminnilegt atvik frá Aldrei fór ég suður segir hann: „Það kemur endalaust upp í hugann. En eitt sinn kom atvik upp þegar hljómsveitin Hjálmar kom hingað til að spila. Þetta voru fyrstu tónleikarnir Hjálma með nýjum hljóðfæraleikurum frá Svíþjóð. Hópurinn hafði æft eins og ég veit ekki hvað og kom svo keyrandi vestur með fullt af stórum og þungum hljóðfærum. Það var snjóþungt og þetta var löng bílferð. En þeir náðu svo bara að spila eitt og hálft lag á tónleikunum sjálfum vegna þess að Dóri Hermanns, kynnirinn okkar þetta árið, sjómaður í kringum sjötugt, nennti ekki að hlusta á reggí-tónlist. Hann stoppaði Hjálma af með því að þakka þeim fyrir og tilkynna hljómsveitina Trabant á svið. Þetta var náttúrulega hræðilegt,“ segir Kristján og hlær. Hann bætir við að í dag geti skipuleggjendur Aldrei fór ég suður og meðlimir Hjálma hlegið að atvikinu. „Það náðu allir sáttum að lokum.“

Að lokum vill Kristján minna á að Aldrei fór ég suður er fjölskylduhátíð. „Þetta er meira en bara tónleikahátíð. Það eru allir velkomnir og það kostar ekkert inn.“

gudnyhronn@frettabladid.is

---



†

Okkar ástkæra

**Hulda Ingimundardóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 30. janúar. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Guðmundur Bjarnason** **Ásta Jóhanna Einarsdóttir**
**Brynja Bjarnadóttir** **Steindór Rafn Theódórsson**
**Vera Björk Einarsdóttir** **Hjalti Kristjánsson**
**Íris Huld Einarsdóttir** **Kári Schram**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Ingibjörg Helgadóttir**

**síðast til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 26. janúar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 6. febrúar kl. 13.00.

**Haukur Sigtryggsson**
**Gréta Björg Hafsteinsdóttir** **Ómar Már Gunnarsson**
**Ingibergur Helgi Hafsteinsson** **Albína Jóhannesdóttir**
**Regína Kristín Hauksdóttir**
**Harpa Hauksdóttir**
**Heiðrún Hauksdóttir** **Helgi Einarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elísa Guðlaug Jónsdóttir**

lést miðvikudaginn 30. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju, fimmtudaginn 8. febrúar nk. kl. 13.00.

**Jón Hannesson**
**Ólöf Jóna Sigurgeirsdóttir** **Ólafur Axelsson**
**Guðrún Iðunn Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Sigurjóna Jónsdóttir**

**Stigahlíð 26, Reykjavík,**

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Haukur Eggertsson** **Hildur Sveinsdóttir**
**Steinunn Jóna Hauksdóttir**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 2. FEBRÚAR 2018



Sólveig Anna Jónsdóttir segir greinilegt að láglaunafólk vilji ekki lengur axla ábyrgðina á því að allt sé með kyrrum kjörum án þess að fá réttlátan skerf af kökunni. MYND/EYÞÓR



**Kjarkmiklum krökkum er boðið að taka þátt í háskaleik í Borgarbókasafninu í Grófinni á Safnanótt í kvöld og takast á við voðalegar áskoranir. Í lokin fá öll börn verðlaun fyrir áræðni og kjark.** →4

# Rödd láglaunafólks þarf að heyrast

Sólveig Anna Jónsdóttir hefur verið sósíalisti frá því hún man eftir sér enda mikið rætt um pólitík á bernskuheimili hennar. Eftir að hafa sjálf starfað í láglaunastörfum í mörg ár býður hún sig nú fram til formanns í verkalýðsfélagi. →2

ÚTSÖLULOK LAUGARDAGINN 3. FEBRÚAR
20 - 60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM / 10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM OG SÉRPÖNTUNUM



Recast Svefnsófi kr. 119.900
NÚ KR. 95.920



Wire sófaborð 90 cm
kr. 69.800
NÚ KR. 27.920



Coco Ljós
kr. 19.900
NÚ KR. 15.920



Birgit Glerskápur
kr. 276.700
NÚ KR. 193.690

LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Sólveig ólst upp í Breiðholtinu, yngsta barn foreldra sinna Jóns Múla Árnasonar og Ragnheiðar Ástu Pétursdóttur. „Við bjuggum í verkamannabústöðum í Breiðholti meðan það kerfi var enn þá við lýði og fólk hafði aðgang að tryggu húsnæði þó það hefði ekki háar tekjur.“ Þegar Sólveig var ellefu ára flutti fjölskyldan í Fossvoginn. „Þar datt ég inn í frábæran vinahóp, eignaðist fimmtán vinkonur sem fóru saman í Réttó og halda enn þá mjög nánum tengslum, erum með saumaklúbb og stöndum þétt saman.“ Sólveig viðurkennir að hafa ekki verið þægasta barnið í hverfinu. „Mamma segir að ég hafi verið óráðþægið barn, sem er falleg aðferð til að segja að ég hafi verið óþekk. Eða, ég var kannski ekki óþekk heldur vildi ég bara gera það sem ég vildi gera. Það var til dæmis reynt að setja mig í tónlistarnám en ég var alveg harðákveðin í því að ég vildi ekki æfa mig svo þau gáfust bara upp.



Sólveig Anna lærði snemma að lesa og gekk alltaf um með bók og heimili hennar ber þess merki. MYND/EYÞÓR

En auðvitað var mikil tónlist alltaf heima, pabbi náttúrlega þessi mikli djassunnandi og heimili okkar alþýðumenningarheimili. Foreldrar mínir unnu bæði á ríkisútvarpinu og þótti mjög vænt um vinnustaðinn sinn og svo voru þau líka bæði mjög pólitísk. Oft var ekkert annað rætt heima en pólitík.“ Á heimilinu var ekki bara rætt um innanlandspólitík heldur voru alþjóðamálin líka ofarlega á baugi og þessar umræður skiluðu sér í litli eyru. „Ég var útsjónarsamur krakki sem lærði snemma að lesa og gekk um með bók því ef ég var alltaf með bók þá var ég ekki beðin að gera neitt. Mér fannst leiðinlegt í skólanum sem skilaði sér í einkunnum en það má segja að ég sé „heimaskóluð“ því ég tók inn það sem var rætt á heimilinu.“

Sólveig segist hafa átt mjög hamingjuríka bernsku. „En unglingsárin reyndust mér erfið. Ég þjáðist af þunglyndi og miklum kvíða og flosnaði upp úr námi og fór að vinna í ýmsum láglaunastörfum. Ég varð þeirrar miklu gæfu aðnjótandi að eignast son minn, Jón Múla, þegar ég var tuttugu og eins árs og þá loksins upplifði ég frið og ró og fann að ég var komin á réttan stað. Stuttu seinna eignaðist ég svo dóttur mína, Guðnýju Margréti, og þegar ég var 25 ára fluttum við fjölskyldan til Minnesota í Bandaríkjunum þar sem maðurinn minn fór í nám. Þar vorum við í átta ár og ég var heima með börnin bróðurpartinn af þeim tíma en fór svo að vinna í kjörbúð og kynntist fólki sem í Bandaríkjunum kallast „the working poor“, sárafátækt fólk sem stritar myrkranna á milli en hefur samt ekki efni á því að hita húsin sín í vetrarhörkunum.“

## Kynntust kreppunni á eigin skinni

Fjölskyldan flutti heim sumarið 2008 og beint inn í hrunið. „Maðurinn minn missti vinnuna fljótlega eftir að við komum heim og við tók mjög erfiður tími. Hann reyndi að snapa sér einhver verkefni, ég vann á leikskóla og tekjurnar voru mjög rýrar. Eina ástæðan fyrir því að við flúðum ekki land eins og svo margir í okkar stöðu var sú að við tókum að okkur að passa hús fyrir ættingja og það bjargaði okkur í nokkur ár meðan ástandið var svona slæmt. Þannig að við kynntumst kreppunni á eigin skinni. En þó þetta hafi verið erfiður tími var hann líka skemmtilegur og lærdómsríkur því þarna dembdi ég mér út í aktívisma og var á fullu í mörg ár að berjast á ýmsum vígstöðvum fyrir betra samfélagi.“



Sólveig ásamt foreldrum sínum, Jóni Múla Árnasyni og Ragnheiði Ástu Pétursdóttur, á baráttufundi á áttunda áratugnum.

## Kvíðin í greiðslumat

Sólveig hefur lengi verið hugsi yfir hlutskipti láglaunafólks á Íslandi. „Árið 2013 fattaði ég að ég tilheyrði hópi sem enginn var að berjast fyrir. Ég hef alltaf verið sósíalisti og femínisti og trúi því að efnahagslegt réttlæti fyrir konur sé mjög mikilvægt. Ég hef verið inni á kvennavinnustað með konum sem prjónuðu lopapeysur í öllum pásum til að selja svo þær gætu rekið heimili, konum sem unnu fulla vinnu í umönnunarstörfum, skúruðu svo og tóku síðan strætó heim til sín til að vinna vinnuna sem bíður þar. Og mér fannst að einhver þyrfti að fara að benda á þetta. Sérstaklega þar sem ég upplifi að ástandið versnar þrátt fyrir góðæri, það verða til meiri og stærri samfélagsleg vandamál og það er ekki markvisst farið í að leysa þau heldur er ástandinu leyft að versna.“

Hún nefnir sem dæmi stöðuna á húsnæðismarkaðinum. „Fyrir nokkrum árum keyptum við okkur íbúð í gömlu húsi með aðstoð frá foreldrum okkar og gríðarlega mikilli vinnu og fórnum. Ég hef aldrei verið jafn stressuð á ævinni og þegar við vorum að bíða eftir greiðslumatinu því ég var farin að hafa á tilfinningunni að það væri bara ekki pláss fyrir okkur í íslensku samfélagi. En við stóðumst greiðslumatið og í kjölfar þess fékk ég mér aðra vinnu og maðurinn minn vinnur sjö daga vikunnar. Sem betur fer eru börnin okkar orðin stór því ég get ekki ímyndað mér að það sé hægt að reka fjölskyldu með svona mikilli vinnu. Dvölin í Bandaríkjunum sýndi mér hvernig ástandið getur orðið ef ekki er tekið í taumana og mér finnst við stefna hratt þangað.“

## Rödd láglaunafólks

Sólveig leiðir nú framboðslista til forystu í stéttarfélaginu Eflingu. „Ég var mjög lengi að taka þessa ákvörðun og fór vel yfir hvað í henni fólst. En rödd láglaunafólks hefur verið þögul allt of lengi og það er kominn tími til að við látum í okkur heyra.“ Og stuðningurinn hefur ekki látið á sér standa. „Við á listanum upplifum svo fáránlega mikinn stuðning að það er ótrúlegt. Það rignir yfir okkur stuðningskveðjum frá fólki sem bindur vonir við að þetta geti borið árangur. Það er greinilegt að láglaunafólk vill ekki lengur axla ábyrgðina á því að allt sé með kyrrum kjörum án þess að fá réttlátan skerf af kökunni. Með því að virkja baráttuandann er allt hægt!“

*Frábærar veislur fyrir hópa*
Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.
Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónabandssæla innifalið
Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

NÝ SENDING AF VORVÖRUM

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR
Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
BASLER MaxMara BRAX

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,




Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 2. TIL 4. FEBRÚAR**

**HANS J. WEGNER,**
**ARNE JACOBSEN,**
**BORGE MOGENSSEN,**
**PHILIPPE STARCK,**
**ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal




# Háski fyrir hugaða krakka

## Kjarkmiklum krökkum er boðið að taka þátt í háskaleik í Borgarbókasafninu í Grófinni á Safnanótt í kvöld og takast á við voðalegar áskoranir. Í lokin fá öll börn verðlaun fyrir áræðni og kjark.


Það þarf kjarkmikla krakka til að mæta vættum og kynjaverum sem verða á vegi þeirra á Háskaleikunum. MYNDIR/JÚNÍA LÍF MARÍUERLA SIGURJÓNSDÓTTIR

Kynjaverur og vættir hafa fundið sér íverustað í öllum krókum og kimum Borgarbókasafnsins í Grófinni í kvöld. Á Safnanótt vakna þær til lífsins og fara á kreik þegar dimma tekur.

Á Háskaleikunum geta hugaðir krakkar kíkt í leyniklefa Harrys Potter þar sem margar kynjaverur leynast og átök við Lord Voldemort, varúlfa og vitsugur. Börnin lenda líka í töfraheimi Narníu þar sem þau stíga inn í ævintýraheim ljóss og lita og hitta fyrir glitrandi og seiðandi ævintýra- og furðuverur.

Á vegi hugumstórra barna verður líka ógeðskassi þar sem starandi augu veltast um í kaldri leðju slors og hors innan um snáka og snigla og víst að þar þarf hug og þor til að þreifa ofan í kassann. Maðurinn magri fær líka hárin til að rísa og þeir allra hugrökkustu geta litið við hjá Quasimodo, kroppinbaknum voðalega í kirkjuturninum en þar er eins gott að rata aftur út.

### Komdu og skoðaðu í líkkistuna mína

Það er aðeins á færi hinna allra huguðustu að feta sig í gegnum voðalegt völundarhús þar sem hætturnar leynast í hverju horni, og úr kirkjugörðunum skríða uppvakningar og beinagrindur úr opnum gröfum, og spurning hvort einhver þorir að leggjast í líkkistuna?

Á Háskaleikunum eru líka dimm og djúp göng þar sem allt getur gerst og enginn veit hvað leynist í iðrum jarðar. Þar geta kjarkaðir krakkar skriðið í gegn og sigrast á óttanum við hið ókunnuga. Að síðustu verður veitt höfuðlausn. Munu börnin halda höfði eða enda sem höfuðréttur óvættarinnar? Til þess þurfa þau að fara undir borðið og sjá hvort þau haldi haus. Rúsínan í pylsuendanum verður koldimmt karókí þar sem hægt verður að velja úr sautján þúsund lögum frá klukkan 21 til 23.

**» Á vegi hugumstórra barna á Háskaleikunum verður líka ógeðskassi þar sem starandi augu veltast um í kaldri leðju slors og hors innan um snáka og snigla, og víst að þar þarf hug og þor til að þreifa ofan í kassann.**

### Heimsdagur barna

Á morgun, laugardag, verður haldið upp á Heimsdag barna í öllum menningarhúsum Borgarbókasafnsins. Þá gefst börnum og fjölskyldum þeirra tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum smiðjum og ævintýrum í menningarhúsunum Árbæ, Gerðubergi, Grófinni, Kringlunni, Sólheimum og Spönginni.

Í ár hafa myrkraverur tekið yfir söfnin: draugar, nornir, beinagrindur, skrímsli og uppvakningar. Boðið verður upp á búningasmiðjur, föndursmiðjur, slímgerð og getraunir.

Háskaleikarnir fara fram í Grófarhúsi, Ljósmyndasafninu og Borgarskjalasafninu frá klukkan 18 til 21 í kvöld. Heimsdagur barna stendur yfir frá klukkan 13 til 17 á morgun. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar um dagskrá á Safnanótt a vetrarhatid.is.


Uppvakningar rísa úr opnum gröfum kirkjugarðanna á Háskaleikunum.









## Skin Fitness línan er hönnuð af sérhæfðum íþróttalæknum og hugsuð fyrir konur sem stunda hvers konar hreyfingu.

## Fullkomnaðu líkamsræktina með stinnari og fallegri húð. Línan er með fríska og létta áferð sem hentar fyrir sportlegan lífsstíl.




**Purifying & Cleansing body foam**

Fyrsta skrefið að heilbrigðari húð: Það er ráðlegt að fara í sturtu fljótt eftir hreyfingu, því salt og bakteríur sem berast með svita geta stíflað húðholur og ert húðina. SKIN FITNESS hreinsifroðan er þétt og rík froða með AHA sýrum og Spirulina þörungum. Hún slípar húðina og fjarlægir dauðar húðfrumur. Froðan frískar, gefur mýkt og jafnar áferð húðarinnar.




**Firming & recovery body emulsion**

Við líkamsrækt og hreyfingu tapar líkaminn vatni, steinefnum og söltum.

1 – LÍKAMINN ÞARF RAKA
2 – HANN ÞARF ORKU, SÖLT OG STEINEFNI

Skin Fitness líkamsgelið hverfur inn í húðina á augabragði. Það inniheldur kamfóru sem hjálpar þreyttum og stífum vöðvum með verkjastillandi og bólgueyðandi eiginleikum og auk þess magnesium og sölt sem róa og örva blóðflæði húðarinnar. Gelið er kælandi, styrkjandi, gefur góðan raka og þéttir húðina.




**Instant smoothing & moisturizing body treatment**

Við þurfum enn meiri rakagjöf þegar húðin er ójöfn og þurr. Hún verður oft þurrari og jafnvel flagnar vegna kulda, vinds, núnings við íþróttaföt, útfjólublárra geisla og eftir heitar sturtur og böð. Létt líkamsgelið gefur samtundis raka. Það er einstaklega frískandi, mýkir, róar, eykur teygjanleika og rakanærir húðina. Gelið hentar vel á fætur og hendur, jafnvel á grófa olnboga og hné og má nota eftir háreyðingu. Gelið má nota bæði fyrir og eftir hreyfingu.




Á sunnudaginn verður perlað af krafti í Hörpu.

## Perlað í Hörpu

Sunnudaginn 4. febrúar ætlar Kraftur, félag ungs fólks sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra að hittast í Hörpu og slá Íslandsmet í að perla armbönd úr gler- og plastperlum. Viðburðurinn er lokahnykkur í átaki Krafts sem hefur staðið yfir allan janúarmánuð með yfirskriftinni Lífið er núna. Hver og einn getur lagt sitt af mörkum og perlað af krafti með Krafti og stutt þannig við starf félagsins. Armböndin eru síðan seld á 2.000 kr. og rennur allur ágóði af þeim beint til Krafts.

Tónlistarmenn munu stíga á svið og skemmta þátttakendum en fram koma Valdimar, Amabadama, Úlfur Úlfur og DJ Sóley. Perlið verður haldið í Flóa á 1. hæð í Hörpu frá kl. 13-17. Frítt verður í bílastæðin í bílakjallara Hörpu meðan á viðburðinum stendur.

Þeir sem hafa áhuga á að styrkja Kraft geta líka gert það með því að fara inn á heimasíðuna kraftur.org. Þar má einnig finna upplýsingar, fræðslu og fréttir af starfi Krafts.



Sævar Helgi Bragason.

## Safnanótt á Þjóðminjasafni

Um alla borg verða skemmtilegir viðburðir á Safnanótt fyrir alla fjölskylduna. Fyrir þá sem hrifnir eru af leyndardómum himingeimsins verða stjörnur meðal annars teknar fyrir á Þjóðminjasafninu.

Sævar Helgi Bragason skoðar stjörnur og segir frá rötun á Þjóðminjasafninu á Safnanótt. Krakkar og fullorðnir eru velkomnir. Einnig verður búinn til einfaldur sextant sem nota má til að mæla breiddargráðu Íslands en „sextant er hornamælingatæki til staðarákvörðunar á sjó þar sem farið var eftir hæð sólar, tungls eða stjörnu“. Gestir læra að finna áttirnar út frá stjörnunum. Ef veður leyfir verður kíkt á stjörnuhimininn.

Á Safnanótt er opið í Þjóðminjasafninu frá kl. 18-23. Ókeypis aðgangur og dagskrá fyrir alla aldurshópa.

# Losaði sig við 25 kíló

Ég var orðinn alltof feitur, er haft eftir sjónvarpskokkinum Gordon Ramsey sem tók sig í gegn eftir að eiginkonan, Tana, krafðist þess. Tana er fitness-drottning og lítur sjálf mjög vel út. Gordon sem er 51 árs segist hafa hugsað: „Hvernig getur Tana verið með mér. Hún þarf að fara í rúmið á hverju kvöldi með fitubollu.“

Gordon og Tana hafa verið gift í 21 ár og eiga fjögur börn saman. Gordon hefur losað sig við 25 kíló og hefur aldrei litið betur út. Reyndar var hann farinn að hafa áhyggjur af ofþyngdinni, ekki síst vegna þess að faðir hans lést úr hjartaáfalli aðeins 53 ára. „Það var næg ástæða til að gera eitthvað í málunum,“ segir hann.

Sjónvarpskokkurinn segir að hann hjóli og fari í ræktina til að léttast. Hann segir að síðustu ár hafi verið mjög annasöm og þess vegna hafi ekki gefist mikill tími fyrir ræktina. Tana og Gordon hafa farið í sumarfrí með David og Victoriu Beckham og kokkurinn taldi sig ekki vera samkeppnishæfan á sundlaugarbakkanum.



Þessi mynd var tekin af hjónunum í desember. MYND/NORDICPHOTO/GETTY



# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar
Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Combi. Árgerð 2014, ekinn 93 Þ.KM, dísel, Sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.136538.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Combi 4x4. Árgerð 2015, ekinn 25 Þ.KM, dísel, beins. Verð 3.290.000. Rnr.136578.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Combi. Árgerð 2013, ekinn 99 Þ.KM, dísel, beinsk. Verð 1.990.000. Rnr.136373.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Combi. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, bensin, beinsk. Verð 1.980.000. Rnr.136165.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



**DÍSEL OG 4X4**
Ford Ranger diesel 2005 double cab með húsi,ekinn 294þ.5 gira.góð dekk, smurbók,góður vinnuþjarkur sem á nóg eftir.Verð 690þ.uppl. 820-5181

## Hópferðabílar




**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. Uppl. í s. 783 5886

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**


# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.250.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**
**Verð nú 3.650.000.**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
**Verð nú 4.750.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsella **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.650.000.**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3 diesel** árg 2017 ekinn ca 35 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 9.900.000.**
Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 7.490.000.**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4
**Verð 7.990.000.**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**
**Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)**

TOURINGCARS

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

